**Athugasemd við botnana.** Þótt jeg gengi þess ekki dulinn, að slík mismíði sjer á nokkrum þessum botnum, að þeir væru ekki birtandi, þá hefi jeg samt lofað þeim að fljóta með, af því að skorað var fastlega á mig að gera það, og þess getið, að ritnefndin væri því fylgjandi, en ekki sýndi jeg nefndinni þá.

Ritstjórinn.

## Til Ingimundar gamla.

1. Stór þá meinin stríddu á
styttirðu einatt vöku
því skal hreinar þakkir tjá
þjer fyrir grein og stöku
2. Sofðu rótt um sumartíð,
svo að þróttinn tryggir,
vaknaðu skjótt og lífga lýð
langa nótt er skyggir.

Björn Blöndal

# Ingimundur gamli

1. blað. | Þriðjudaginn 2. jan. 1923. | IV. árg.

## Haust.

(Ort 1909)

Þín jeg sakna sumarsandi
syrtir yfir voru landi,
otar vetur beittum brandi
blómin grefur undir snjó
nístir alt með kaldri kló.
Öldur veltast upp að sandi,
orgar hrönn við kletta,
fjalls á gnýpum sje jeg svipi gretta.

Lækkar rödd í gljúfragöngum —
giljabúa, í kletta þröngum,
hljóðnar á und ísaspöngum —
yfirgnæfa stormsins hljóð.
Flytja vill hann feigðaróð.
Kalt er hreysi og alt í öngum
ýlir strá á þaki
hriktir í kofa af hörðu byljablaki.

Stendur fjall með fönnum haddi
fölust perlur undir gaddi.
Hún sem fyr með geislum gladdi
grund og hlíð í aginn hneig.
Sendu aftur sólskinsveig!
Blessuð litla lóan kvaddi
liðist hörpustrengur,
hún gat ekki hana knúið lengur.

Hugur burt frá hinni líður,
hlekki vetrar þráin brýtur,
lífsins fegurð þegar þrýtur,
þá á vonin nýja börn.
að aftur birtist sama sjón.
Alltaf vorsins ylur hlýtur



anda manns að hylla
sólskinsblettir sálu rósemd fylla.

Því skal von mín vorsins bíða
vetrarhret og storma líða. —
Þeir, sem ávalt öllu kvíða —
eins og leika að sama hrís,
þeim er alltaf þrautin vís.
Gladnar lund við geisla blíða
gleymist vetrarríki,
þá heilsar vor í ljóssins engilslíki.

Alltaf finn jeg æsku mína
aftur leika sál að hlýna
þegar vor með vangi fína
vegu stefnir suðri frá
gott er að mega gleðjast þá.
Láttu valdið vetrar dvína!
Vektu neista falinn.
Komdu aftur kæra sól í dalinn.

Þorkell yngri.

## Smábýli.

Þeir, sem fara nokkuð víða um sveitir þessa lands á sumrum, hljóta að veita því eftirtekt, hve langflest smábýli eru illa ræktuð. Skyrast mun þetta verða fyrir þeim, er hafa sjeð hvernig smábýli annara landa eru hirt. Þau hafa venjulega sáralítið land og oft hrjóstrugt, en eru svo vel hýst og ræktuð, að maður skilur undireins að fjölskyldunni á þessum smábýlum getur liðið vel, með einhverjum stuðningi af daglaunavinnu á stærri jörðunum.
Þótt þetta fólk þoli ekki mikil opinber gjöld og verði oftast að lifa sparlega er það sjaldgæft, að það sje sveitunum til byrði, nema fyrir slys eða veikindi. Þvert á móti, það styður stórbýlin, sem gjaldþolið hafa með vinnu sinni.
En að horfa á flest smábýlin hjer, það er ömurleg sjón. — Bæirnir eru jarðgrafnir smákofar, sem ókunnugum gæti ekki dottið í hug að væri mannabústaðir, ef reykurinn



sæist ekki upp úr eldhússtrompinum. Túnið er ógirtur þúfnakragi í kringum kofana og gefur sýnilega lítið af sjer. Skrælingjamarkið er auðsjeð á öllu. Maður finnur ósjálfrátt á sjer að hjer er fólkið eins og dæmt til örbirgðar, andlega og efnalega. Það rifjast upp fyrir ferðamanninum ýmislegt sem hann hefir heyrt og lesið um bústaði og líf Eskimóa.
Það segir sig sjálft, að vanræktu smábýlin eru niðurdrep fyrir hvert einasta sveitafjelag, sem þau eru í og svo fyrir landið alt. Þessvegna er það hið mesta gleðiefni að sjá undantekningarnar hvar sem þær eru. Jeg tel það hiklaust menningarmark á hverri sveit að eiga vel ræktuð smábýli og ef ekkert þeirra væri vanrækt, mundi öllum líða sæmilega.

### A Kötlustaðir

Þeir, sem hafa verið í Vatnsdal seinnihluta liðinnar aldar, hljóta að muna eftir niðurníddu þessa býlis. Engum öðrum en fáráklingum datt í hug að reyna að bjargast þar, eða þeim, sem ekki áttu annars úrkosti. Bæjarhúsin voru

eins og þar sem verst gerdist. T. d. var bað-
stofan grafin í jörð að mestu, 7 al. að lengd
og 3 3/4 al. á breidd. Þar vantaði bæði búr
og loft. Önnur hús voru þar að sama skapi.
Stóð svo fram um aldamótin eða til árs-
ins 1901. Þá fluttust þangað hjónin, Jón
Baldvinsson og Ingibjörg Kristmundsdóttir
kona hans.

Jón er fæddur 28. júní 1866 á Síðu á Refa-
sveit. Ólst hann upp þar úr frá fram yfir ferm-
ingu, en fór þá að Hvammi og var þar í 4 ár
var svo á ýmsum stöðum í vinnumensku og
þar á meðal á Söndum hjá fyrirmyndarbónd-
anum, Jóni Skúlasyni. 1893 giftist hann áður
nefndri konu. Hún er af góðum ættum af
Vatnsnesi. 1899 fluttust þau að Hvammi og
voru þar í 2 ár. Sinna árið í Hvammi
voru þau með 2 börn og aldurhnigna móður
Jóns. Var ókleift að hafa svo margt fram
að færa í húsmensku og neyddust þá til
að taka Kötlustaði. Það var þó ekki árennilegt
því að búslofninn var þá aðeins 6 ær, 7 geml.
2 hross og lítilfjörleg búsáhöld. Skuldlaust
var það þó ekki.



Kötlustaði fengu þau til ábúðar með því skil-
yrði að byggja þar upp baðstofu, búr og eldhús.
Þá um vorið varð Jón að kaupa kú í skuld
o. fl.

Þegar litið er á þessar ástæður, er auðfundið
að mikið áræði þarf til til þess að skapa sjer heimili
á þessu niðurnídda koti. Bæði voru hjónin að
vísu á góðum aldri og velvinnandi, en höfðu á
litið annað að treysta en mátt sinn og megin.
Þau lágu heldur ekki á liði sínu. Jón byrjaði
strax á bæjarbyggingunni. Eftir 1 ár fjekk hann
10 kr. linun á landskuld árlega, en það var frem-
ur viðurkenning en að það numaði nokkru upp í
allan byggingarkostnaðinn.

Í 8 ár bjuggu hjón þessi á Kötlustöðum. Konan
lagði meðal annars á sig að taka fósturbörn
auk sinna eigin barna, til þess að hafa styrk
af meðgjöfinni. Staðurinn þótti svo góður fyrir börn
að sókt var eftir honum og svo er enn. Auk þessa
lögðu þau á sig að halda vitskerta konu 4 árin,
til þess að hafa meira í aðra hönd, og er sú kona
hann hjer í sveitinni.

Við húsagerðina kom það sjer vel að bóndinn
er smiður að náttúrunni og hagsýnn við alla

kappi
vinna. Vann hann að húsabótum af svo miklu
að áður en 8 árin voru liðin, hafði hann ekki
einungis bygt þau hús sem áskilið var, held-
ur miklu meira. Baðstofan er 6·8, björt og
loftgóð með áföstu eldavjelarhúsi og inn-
gangi, búr, eldhús og geymsluhús, fjós yfir
4 nautgripi með hlöðu við, góð fjárhús yfir
60 fjár og hesthús yfir 7 hross og smiðja.
Auk þessa gróf Jón brunn.

Það virðist ekki líklegt að einyrkjum, er
afkastaði þessu — auk hinna sjálfsögðu heim-
ilisstarfa — hafi haft tíma til þess að vinna
að jarðabótum jafnframt og þó reyndist
það svo. Hann sljettaði í túni 850 ferfaðma,
plægði og herfaði til túnauka, hlóð upp í dag-
sláttu, girti túnið og nokkuð meira með
gripagirðingu. Töðufallið hafði vaxið a. m. k.
um 1/4 hluta.

Alt ber þetta vott um fegurðartilfinn-
ingu og hagsýni, þótt í sumu megi sjá
merki vanefnanna. — Í stuttu máli:
Kotið niðurnídda hefir alveg skift um svip
Hver sem kemur þar, finnur strax að hjer
er vinalegt býli, sem fólkinu getur liðið vel á.



En þessum hjónum sem þrekvirkið unnu
hefir farið sem ýmsum öðrum, er unnu betru-
verkin, að þau hafa ekki til frambúðar upp-
skorið ávöxtinn af erfiði sínu. Litla búið
þeirra gat ekki borgað svona mikinn byggingar-
kostnað. Þau urðu talsvert skuldug, en vildu
greiða hverjum sitt. Það gátu þau með því að
koma húseignum sínum í peninga. Þau brugðu
búi og yfirgáfu jörðina, sem þau höfðu lagt
svo mikið í sölurnar fyrir.

Það segir sig sjálft, að sporin þaðan hafi
verið þeim <u>þung</u> ganga. — En þrátt fyrir það
hafa þau aldrei mist glaðlyndi sitt og ekki
sökt sjer svo niður í áhyggjurnar, að þau hafi
ekki reynt að njóta gæða lífsins eftir ástæðum.
Vafalaust hefir hjónalíf þeirra, sem altíð hefir
verið gott, reynst þeim einhver haldbesti styrk-
urinn í lífsbaráttunni. Þau geta glatt sig við
að vita sig hafa afkastað nytsömu og óeigingjörnu
æfistarfi og þau hafa með sjer virðingu allra góðra
manna, er til þekkja.

Framhald.

Björn Sigfússon

# Reikningur

yfir

tekjur og gjöld Málfundafjelags Áshrepps starfsárið

1921-22.

## Tekjur

| Tekjur | Fylgiskj. | Kr. aur. | | |
|---|---|---|---|---|
| Niðurjafnaðargjald | 1 | 90.00 | = | 90.00 |

## Gjöld

| Tala. | | Fylgiskj. | Kr. aur. | |
|---|---|---|---|---|
| 1. | Greitt fr. 2 fundi að Hofi | 2. | 30.60. | |
| 2. | " " " Þórormst. | 3 | 25.20. | |
| 3. | " " í Undirfelli | 4 | 10.80. | |
| 4. | " Kr. Sigurðss. Brúsast. | 5 | 20.00. | |
| 5. | " Snæbirni Jónss. Undirf. | 6 | 3.00. | |
| 6. | Innheimtulaun gjaldkera | | 0.40. | |
| | Samtals. | | 90.00. | 90.00. |

Hornsá 1. nov. 1922.

Runólfur Björnsson



## Athugas. við reikninginn.

Eins og reikningurinn ber með sjer hafa 5 fundir verið haldnir á starfsárinu og á þeim mætt samtals 74 menn eða rjett við 15 mættir að meðaltali á fundi hverjum og má það víst gott teljast að 3/5 fjelagsmanna mæti að jafnaði.

Um kostnaðinn er það að segja, að væru allir reikningar jafn sanngjarnir og reikningar Málfundafjelagsins, yrði rekstur ýmsra fyrirtækja bæði utan sveitar og innan hóflegri en hann nú er. Væri óhugsandi að Málfundafjelagsm. gætu haft áhrif í þessu efni hjer í sveitinni.

R. B.

## Trjágarður

Náttúran er móðir lífsins og ástarinnar. Mikið af því háleita og göfuga í hverjum manni má eflaust þakka tign og mikilfengleik hennar.

Land vort er dásamlega úr garði gert frá náttúrunnar hendi, enda koma hingað margir útlendingar á hverju ári, til þess að njóta hins holla loftslags og kynnast náttúrufegurðinni. Flestir þeirra hafa orðið mjög hrifnir og aldrei síðan gleymt eyjunni tígulegu og oft í ræðu og riti lofað litla landið við Íshafið.

Það virðist svo sem við, sem erum fædd og uppalin í þessu fagra landi sjeum ekki eins næm fyrir náttúrufegurðinni og hinir útlendu gestir. En þó hygg jeg að mikilleikur og fegurð náttúrunnar hafi oft djúp áhrif á sálarlíf okkar, ekki síst ef mótlæti lífsins hefir gert hugann viðkvæman og næman fyrir ytri áhrifum; og ekkert lýðir jafnmikinn unað og andlega heilbrigði sem íslensk náttúra í allri



sinni dýrð.

„Landið er fagurt og frítt og fannhvítir jöklanna tindar.“ Þetta er satt, en þó finst mjer vanta hjer eitt af því sem fegrar mjög flest fjallalönd heimsins og það er skógur.

Jeg veit að það verður langt þangað til hlíðarnar í okkar kæra Vatnsdal verða skógivaxnar, en það ætti ekki að verða mjög langt þangað til að við komum upp dálitlum trjágarði í fjelagi. Besti staðurinn til þessa er í dalnum fyrir framan Þórsaludal. Þar má rækta allar sams konar trjátegundir og á Suðurlandi.

Reynum að vera samtaka og samhuga um að vinna sveitinni okkar sem mest gagn.

Toggi.

## Hann lærði að þegja.

Í sókn einni á Jótlandi bjó maður, sem fór að vísu oft í kirkju, en hafði þann ljóta ósið að tala við þann, sem næst honum sat um alls konar jarðneska muni, meðan

leikið var á orgelið, því hærri sem söngurinn var, því hærra talaði maðurinn. Þetta truflaði söfnuðinn, og mörgum gramdist það en reiðastur var þó organleikarinn, og að síðustu hugsaði hann með sjer: „Heyrðu kunningi, jeg skal nú bráðum venja þig af þessu“.

Næsta sunnudag, þegar byrjað var að leika á hljóðfærið, talaði bóndinn eins og vant var en í fyrstu mjög lágt.

Smátt og smátt dró organleikarinn út alla takkana og að síðustu spilaði hann svo sterkt sem hann gat. Bóndinn varð þó einnig að tala mjög hátt. En skyndilega þagnaði orgelið og það varð steinhljóð í kirkjunni. — Aðeins frá stól bóndans er sagt með hárri röddu: „Og annar þeirra var rauðskjöldóttur bolakálfur“.

En bóndi steinþagnaði og skammaðist sín og þaðan í frá talaði hann aldrei meðan á messu stóð.

Þýtt úr dönsku



## Stökur

Öllum faldist fagðarglóð
— fjekk hið kalda völdin —
sem að aldrei áttu í sjóð
annað gjald en fjöldinn.

Sæmast rökin týnast gögn
trúin vökul dvínar.
Grimm eru rökin. gleymska og þögn
geyma. stökur mínar.

Björn Blöndal

---

Ritstjóri: Kristján Sigurðsson

# Ingimundur gamli

| 2. tbl. | Sunnudaginn 20. jan. 1922. | IV. árg. |
|---|---|---|

## Smábýli

### B. Saurbær

Niðurlag.

Saurbær var ekki jafn niðurnítt kot sem Höllustaðir, en nytjalítið þótti það jafnan, og ábúendur reyndust þar óspakir. Það bendir á að þeir hafi ekki talið þar lífvænlegt til frambúðar enda var lítið gert til þess að bæta býlið.
Vorið 1910 fluttust þangað hjónin: Jón Hjartarson

og Guðrún Friðriksdóttir. Hann er fæddur
7. mars 1879 á Sandanesi, en hún er nokkru
eldri og fædd í Vatnsdalnum. Þau giftust vor-
ið 1908 og voru síðast í húsmensku á Snær-
ingsstöðum. Bústofninn, sem þau fluttu
með að Saurbæ var: 2 kýr, 30 kindur, 3 hross
tamin, 3 trippi og nokkur nauðsynlegustu
áhöld til smábúskapar. En á þessu hvíldi
600 kr. skuld. Það sýndist því nokkuð djarft
að þau festu fljótt kaup í jörðinni, en máttu
ekki skerða bústofninn. Varð því að taka
jarðarverðið – 1300 kr. – að láni. Kaupverðið
sýnir að kotið þótti lítils virði.

Fljótt kom í ljós óvenjumikill umbóta-
hugur hjá Jóni Hjartarsyni. Það var auðsjeð að
honum var alvara að bæta og fegra býlið sitt.
Allir vissu líka, að konan studdi hann með
dáð og dugnaði.

Jarðabætur og húsabætur síðan þau komu
að Saurbæ eru þessar: Sljettað í túni 2785
□ faðmar. Bætt við matjurtagarða 60 □ föðmum
Lokræsi í túni 40 faðmar. Vatnsleiðsla í fjós
og bæ og skólpleiðsla úr honum. Fjárheld girð-
ing um tún og engi um 700 faðmar.



Beitilandsgirðing, (ekki fullgerð) um 1500 faðm-
ar. Nýhús: Fjós yfir 4 kýr með 100 hesta hey-
hlöðu með járnþaki og torfi yfir. Hesthús
yfir 10 hesta með 60 hesta heyhlöðu.
Fjárhús yfir 30 fjár. Steinsteyptur kjallari
með skilrúmum, 11.13 al. utanmál, hæð 3½
al. Yfir honum er lagt járnþak og notaður
til geymslu, en er ætlaður undir íbúðarhús

Auk þessara nýju húsa, hafa gömlu
húsin verið töluvert endurbætt, einkum
bærinn. Túnsljettunin hefir verið örðug, víða
stórþýfi, grýtt og talsverður halli. Fyrir þess-
ar umbætur gefur bæði tún og engjar meira af
og beitin er einnig betri.

Nú finna allir, sem nokkuð þekkja til
að býli þetta er orðið notalegt og lífvænlegt
að vera þar. Í sumar sem leið átti eigand-
inn kost á 6000 krónum eða meira fyrir jörðina.

Þótt jarðir hafi hækkað í verði, er þetta ótví-
ræð bending um stóraukið álit. Hjer rætist
glögglega „að skiftir um hver á heldur“.

Framkvæmdir þær, sem hjer er sagt frá
mundu þykja miklar, þótt í hlut ætti miklu
meiri efnamaður á betra býli. Því er þökk ekki

til að dreifa, að bóndinn sje hraustbygður maður með mikið vinnuþol, og ekki heldur að hjón þessi hafi verið ómagalaus. Nei, — Jón hefir — einkum síðari árin — verið mjög heilsubilaður og ekki verið vinnufær með köflum, t.d. lítið þolað að slá 2-3 síðustu sumrin. Hefir það vitanlega lamað framkvæmdir hans. En þá kemur best í ljós hinn mikli dugnaður konunnar. — Þau hjónin hafa haft til framfærslu 2 börn sem þau eiga, 1 fósturbarn og gamla foreldra að nokkru. Þrátt fyrir alt þetta hafa þau borgað jörðina fyrir löngu og munu vera minna skuldug en margir þeir, er virðast standa betur að vígi.

Ef hugsað er um allar ástæður og um allar framkvæmdirnar, vaknar í huga manns spurning um það, hvernig þessi hjón hafi getað framkvæmt alt þetta. — Svarið hlýtur að verða á þá leið, að svona langt megi komast með samhuga einbeittum vilja, hagsýni, sparsemi og dugnaði.

Svo sem eðlilegt er fylgir oft mikilli vinnu og örðugleikum sýnilegt slit og áhyggjumerki, ekki síst þegar heilsan er veik. Furðulítið sjest þetta á Saurbæjarhjónunum. Þau hafa bæði hlotið glettu



og glaða lund að vöggugjöf og þau hafa skapað sjer gott heimili, sem hjer — einsog víðast annarstaðar — mótast skýrast af konunni. Þar nýtur prúðmenska og dugnaður hennar sín best.

Kæru sveitungar!

Jeg geri ekki ráð fyrir að okkur greini á um það, að ef hinum býlunum í sveitinni okkar væri tekið verulegt tak, til þess að prýða þau og bæta — þótt ekki væri meira en þessum heimilum, sem hjer getur um — þá mundi sveitin verða blómlegri, og það myndi verða til stórgróða og blessunar fyrir þá, sem lifa þar framvegis.

Þegar eitthvert býli er vanrækt eða lagt niður, þá er verið að taka í burtu möguleikann fyrir því, að einhver ungu og duglegu hjónin fái að skapa sjer þar heimili og neyta krafta sinna til þess að gera það lífvænlegt og skemtilegt, og það verður í reyndinni sama sem að ~~fala~~ hrekja eitthvað af efnilegu fólki í burtu. Slíkt er tap fyrir hverja sveit, sem hlut á að máli, og það er tap fyrir landið alt að fólkið fái ekki tækifæri, til þess að neyta krafta sinna og rækta það. Og svo annað: Fyrst að fátæka fólkið vinnur það þrekvirki að byggja

og bæta kolin, hvað geta þá hinir gert sem
betur standa að vígi, ef viljinn væri hinn sami.

Skrifað á Siglufirði síðast í október
1922.

Björn Sigfússon.

## „Bí, bí og blaka"

„Bí, bí og blaka"
byljir kippi taka.
Hættu að gráta hjartað mitt
hjá þjer skal jeg vaka.

„Bí, bí og blaka
barn mun ekki saka.
Sofðu eina yndið mitt
ég skal syngja og vaka.



„Bí, bí og blaka"
blóm eru undir klaka.
Ljúfar stundir líf mitt á
líti jeg til baka.

„Bí, bí og blaka"
brátt mun vorið taka
fannir þær, sem föðu þinn
fólu undir klaka.

„Bí, bí og blaka"
bylur fönn á klaka.
Dauft er ein um aftanstund
uppi á fjöllum vaka.

Geir Gígja.

## Staka.

Þegar drómi af alls kyns ís
askublóma háir
ljúfa óma eyrað kýs
augað ljóma þráir.   Þorkell yngri.

# Unglingafrædsla

Ekkert er jafn-þýdingarmikid fyrir hamingjusama framtíd þjódanna, sem vöndun á uppeldi barna og unglinga. Þar erum vjer Íslendingar á eftir nágrannaþjódunum. Barnaskólar gera feiki mikid gagn, svo mikid ad nemendurnir hafa þess not alla æfi, þótt þeir haldi ekki áfram námi á ödrum skólum. „En betur má ef duga skal“, segir máltækid. Unglingaskólar þurfa ad vera í hverri sveit og ætti ad skylda unglingana ad ganga í þá minsta kosti tvo vetur eftir burtför úr barnaskóla.

Mesta áherslu ætti ad leggja á íslensku, reikning ásamt handavinnu og leikfimi. Sund ætti einnig ad vera skyldunámsgrein, þad yrdi audvitad ad fara fram ad vorinu. Kenslan þarf ad vera sem allra fjölbreyttust, svo ad hver nemandi geti valid úr sem flestu og ad lokum tekid rjetta leid med framhaldandi sjernám.

Oft hafa gódir hæfileikar ordid ad engu, af því ad unglingarnir hafa ekki vitad hvad þeir gátu eda ætlu ad gera, þegar allar leidbeiningar og fje hefir vantad. Sumir hafa jafnvel af þessari



ástædu jafnvel lent á rangri hillu í lífinu og jafnvel aldrei ordid efnalega eda andlega sjálfstædir, alltaf verid ad velkjast í kafinu sem vængbrotnir fuglinn í grunnlausa hafinu“.

Framfarasjódir gætu ordid þessu máli ad miklum notum. Þad mætti styrkja fátæka unglinga og efnilega af þeim til framhalds og fullnadarnáms.

Engin þjód lætur sjer svo ant um barna og unglingafrædslu sem Ameríkumenn. Þeir prófa ad sögn allar nýjar kenslu adferdir hvadan úr heimi sem þær eru upprunnar. Hvergi eru jafn mörg bókasöfn, bædi fyrir börn og fullordna. Þad er einn megin þátturinn í mentun alþýdunnar.

Kennarar okkar ættu ad kynnast Ameríkumönnum, læra af þeim þad besta og háleitasta sem þeir hafa ad bjóda.

Toggi.

## Staka.

Svona lída öll manns ár<br>
út í vídan bláinn<br>
sem er þýdin silfurhár<br>
sumrin tídu dáin. G. G.

# Bragamál

Þú skáldsins andi, skjóla hugans leiftur!
sem skapar ljós á jarðar þyrnistig.
Þú verður ei með verði seldur, keyptur,
þó vöggudísir menta glæði þig,
því þú ert náðargjöf frá guði sjálfum
sem gegnum myrkur tímans fagurt skín
þó veröld stundum kasti krepping hálfum
sem kaupi fyrir afreksverkin þín.

Hjá þjer er altaf nóg um nýja strauma
úr nægta-brunni eyst þú mundum tveim.
Í veldi þínu hallir dýrra drauma
jeg drengur leit og töfrast einn af þeim,
og verði stund frá störfum hversdagsfengin
þótt stutt sje hún og oftast friðarnaum
að höllu þinni er jeg óðar genginn.
og uni sæll við hörpu þinnar glaum.

Með þjer er aldrei lengi leitt að búa
það liggja frá þjer öll mín þyngstu spor
það undradjúpið engum megnar brúa



sem örlög hafa spent á milli vor,
en þegar lækkar log á kveiknum mínum
og lífið fjarar út hjá freyðum beim,
jeg kýs að búa í bjarmasölum þínum
ef bragastrengir gjalla í öðrum heim.

Björn Blöndal.

Sorgiomundur gamli taki með þökkum mörgu slíku sem þessum erindum. Hjer birtast skiftamál alþýðumannsins, ást hans og innra samband við það háleita sem felst í sannri skáldlist. Satt er það ofsnalt hve allar listir eru guðlega háleitar að eðli, og hversu þær eru megnugar að sveipa sólskini hugarlönd fjöldans. Hve þær veita mörgum unaðsdraumaheim utan og ofan við okkar rökkur jarðlíf — ef svo mætti að orði kveða. Þangað leitar ljóðskáldið, söguskáldið, tónskáldið, málarinn, hugvitsmaðurinn o.s. frv. að ljúfustu hugdraumum sínum — allir þeir sem eru listamenn „af guðs náð", og einnig hinum, sem minna er gefið, verður stundum þung gangan þaðan og geta fundið sáran til, þegar harðleikni lífsins sviftir þeim þaðan niður í hinn naktfreka efnisheim.

Ritstjórinn.

# Söngur.

Á málfundi í fyrravetur birtist okkur grein í Ingimundi gamla með þessari fyrirsögn.

Höfundur greinarinnar var Sig. Þorsteinsson, er hefir stundað söngnám og aðrar fagrar listir og virtist hafa mikinn áhuga á því að söngur yrði æfður hjer í sveit. Var þetta fögur hugsjón eins og svo margt annað sem komið er frá manni þessum.

En S. Þ. ljet ekki þar við sitja, heldur ~~flutti hann~~ á þeim sama fundi flutti hann fyrirlestur um söng, gildi hans og áhrif meðal þjóðanna, hvatti menn til þess að hefjast handa og gefa málinu meiri gaum, en áður hefði verið gert.

Því miður er jeg búinn að gleyma þeim ágæta fyrirlestri, en ýms kjarnyrði Sig., ásamt eldheitri ást hans á söngnum, er lýsti sjer í fyrirlestrinum góða, svo og hið mikla starf hans og blessunarríka sem söngstjóra okkar síðan, gera það að verkum, að jeg sest niður með brennandi elsku til mannsins og klóra þessar línur, fullur iðrunar þess að jeg hafði einu sinni verið á móti söngmáli fyrir mörgum árum.



Nú bið jeg Ingimund gamla að birta hjer ofurlítinn þakklætisvott minn til S. Þ. Og þótt ýmislegt megi segja um frágang og efnisskipun í þessu ávarpi mínu og hversu jeg neyðist til að vera stuttorður, þá vonast jeg eftir að S. Þ. fyrirgefi mjer framhleypni mína og taki viljann fyrir verkið.

Skal þá nánar vikið að áðurnefndum fundi. Þar hjelt Sig. hverja ræðuna annari betri fullur ofurkapps og skoðun sína varði hann af eldmóði miklum og með óyggjandi rökum og sannyrðum, svo að þrátt fyrir mikla mótspyrnu í fyrstu, fjekk hann svo gersamlega sannfært lýðinn um ágæti málsins, að hann var í einu hljóði kosinn, til þess að kalla saman alla bestu söngfugla sveitarinnar og kenna þeim að beita hljóðunum. Var lagt ríkt á við hann að byrja sem allra fyrst.

Það þurfti heldur ekki lengi að bíða þess, að ljúfir tónar færu að líða upp frá bæjum og samkomustöðum sveitarinnar. Voru það deildir úr hinum fjölmenna söngflokk er söng: „Alt eins og blómstrið eina“ og aðra útfarar sálma. Var flokkurinn að æfa með mikilli viðhöfn, því að ónefnt fjelag hjer í sveit var komið á grafarbakkann, þótt ungt

vori, og við við útför þess ætlaði hinn virðulegi söngstjóri að láta syngja nokkur sálmalög. Einnig ætti flokkurinn að syngja mörg önnur lög, er söngstjórinn hafði nýlega útsett sjálfur.

En oft fer öðruvísi en ætlað er, og svo mátti segja í þetta sinn. Fjelagið, sem aldrei hjeldu komið að dauða, tórir enn, þótt raunar megi segja að líf þess hangi á veikum þræði. En víst er um það að söngflokkur Sig. hætti við allan sálma söng en tók að kyrja ýmis vandasöm lög eftir ýmsa útlenda höf, jafnvel hergöngulög sunnan af Balkanskaga. Og þjóðsöng Japana söng flokkurinn svo hátt í skólahúsinu á Sveinsstöðum, að hreppsnefndaroddvitinn okkar — sem var að rifast við stjórnarráðið í gegnum símann út af hálfvitlausri kerlingu — varð að hætta á meðan.

Þótti nú sumum helsti mikið í fang færst af lítt mentuðu sveita fólki. Nú fyrir skömmu var ein af þessum allsherjar æfingum. Söng þá flokkurinn fyrir fullu húsi og var svo þröngt að standa varð maður ofan á manni. En þegar til kom, var sungið hjer um bil alt á dönsku. Mjer fyrir mitt leyti er nú alveg sama á hvaða máli er sungið, aðeins að sungið sje nógu



hátt og söngstjórinn „taki sig vel út". Hvorutveggja tókst svo vel að unun var að sjá og heyra.

Er það innilegasta ósk mín að söngfjelagið og hr. Sig. fái að halda áfram þessari blessunarríku göngu sinni, þar til gjörvalt landið hljómar af hinum unaðsríku tónum sönggyðjunnar, þá munu börn okkar og barnabörn blessa þá stund er hinn mikli maður fæddist.

Máni.

## Hann og hún

Kvæði það sem hjer fer á eftir er um hjón, sem áttu að hafa búið uppi í dölum. Ekki veit jeg nöfn þeirra eða verustað. Sagt var að konan væri bókhneigð en óhneigð til vinnu, en bóndi sjálfsagt verið vinnuharður, því að hún átti að hafa gripið til þess úrræðis að þeyta rokkinn í hvert sinn og karl kom inn, en liggja í bókum milli þess.

En bóndi var svo hrifinn af dugnaði konu sinnar að jafnan er hann kom inn átti hann að hafa sagt:

„Mikið vinnur þessi kona, alltaf er hún að spinna."

Þau voru nýgift, ástin átti völdin,
og aldrei misklíð hvorki nótt nje dag
þau samhent voru, sagði allur fjöldinn
við söfnun auðs og nýtengt bræðralag
Það væri allt svo heilt og hreint og göfugt
í hjúskap þeirra, en hvorki gjálft nje öfugt

Þá bóndinn gekk að hirðing húsa og kinda.
— hann hirti sjálfur bæði daga og ár —
við sögulestur sat þá eikin linda
en eirði minna um kembu og ullarlár.
En þegar hann kom inn, þóttist konan spinna
hún þeytti rokk og sagðist mikið vinna

Og bóndinn hrósar dýrri dreglalínu
hve dugleg væri að efla búsins hag.
Hann sagði hún glöggvast geta mundi að sínu
og græða mest á vinnu hvern einn dag
um verkefnið hann vissi ekki grandið
því víða mátti í hirslum geyma bandið.

Svo gekk það lengi farsæld efldi friðinn



þótt fötin trosni er eitt sinn voru hlý.
Þá vorið kom og veturinn var liðinn,
var voðin engin til í önnur ný
og sokkplögg bónda sundurtætt og lúin,
en seimgrund hafði ei önnur ný tilbúin.

Þá sá hann glöggt að blekking getur blindað
og bjáni er sá sem öllum trúir vel
Og unnið hafði ei alltaf rósin linda
er eyddi hann sjálfur þrótt við frost og jel.
En missir trausts á mær, hann fullvel skildi
að metið engin fengi í krónugildi.

Björn Blöndal

## Aflífun húsdýra

Margir, sem vilja teljast sæmilega skynsamir og allvel mentaðir menn láta sig litlu skifta um aðferðir við aflífun búfjár eða annara alidýra og er slíkt furða, þar eð skepnurnar eru lífs-viðurværi meiri hluta þjóðarinnar og skylda

hvers einstaklings að hafa samúð með þeim og sýna þeim miskunn, en eigi kvelja að óþörfu.

Ekki stendur þó á því, að menn geri sig digra og hafi við svigurmæli um náungann, ef hann fremur smávægileg lagabrot eða ýtir af sjer eins konar órjettlæti af öðrum. Ef maður t. d skýtur friðlýstan fugl, er það öfund og ágirnd náungans er dæmir hann. Ef hann ver engjar sínar er það talinn yfirgangur og ásælni í eigur annara, og hann dæmdur skaðasár násál. Gera menn þetta af öfund og í eigin hagsmunaskyni, er blindar þá fyrir sínum eigin brestum, en augu þeirra sjá alltaf betur afbrot annara.

Í fornöld hjuggu menn fjenað sinn. Hefir sú aðferð verið hreinleg, eftir þeim verkfærum, sem þá tíðkuðust. Síðan hefst skurður á sauðfje, svæfing á nautgripum, en stunga á hrossum og rotun.

Fjeð var skorið svo sem nú tíðkast með köldu blóði og kæruleysi fyrir því, hvort skurðurinn takist vel eða illa.

Jeg hefi sjeð marga skurði skorna óþrifalega og kvalafulla fyrir skepnuna, keyrt kind



janna liggjandi yfir blóðtroginu, klemda í klóm tveggja fullorðinna skepnuníðinga, án þess að sjá þeim bregða hið minsta eða flýta verkinu.

Svæfing er sögð, af læknum, kvalafullur dauðdagi. Telja þeir skepnuna hafa fulla tilkenningu á meðan henni er að blæða út.

Með þessari aðferð eru kvalirnar tvöfaldaðar: Fyrst stungan (svæfingin) svo skurður, sem oft er ekkert hirt um hvernig tekst, þegar skepnan er fallin og hefir misst mátt sinn.

Hross voru tíðum drepin með stungu á hálsi og skorið ofan úr í sama hnífsbragði. Þeir, sem tíknastir voru í þ. iðn þessari, settu þau úr hálsliðnum með sveiflu á höfuðið til hliðar upp á við. Miklaðust sumir af kunnáttusemi þessari og höfðu þetta að atvinnu ásamt fleiru.

Rotun á hrossum var eigi almenn, þótti of ófullkomin. Bar það við — og það hjer í sýslu — að hross sluppu eftir fyrsta högg og náðust ekki fyr en eftir fleiri daga. Bar það einnig við að menn reyndu þetta 1, 2 og 3 högg en dugði ekki, er þessa einnig dæmi hjer í sýslu og það fá ár síðan.

Allar aðferðir þessar hafa til skamms tíma verið leyfilegar, en nú er bannað með lögum að nota

slíkar aðferðir, en aflífa aftur allar skepnur með skoti eða rotun með helgrímu.

Þessar tvær aðferðir hafa verið taldar jafngildar og góðar. Þarf eigi að lýsa þeim hjer, því að þær hafa aðallega verið notaðar hjer í opinberum sláturhúsum undanfarin ár, rotun fyrst, en síðustu árin skot.

Ingimundi gamla fel jeg að áminna lesendur sína um að leggja niður gömlu níðingsaðferðirnar sem hjer hafa verið taldar, en taka hinar síðartöldu og lögboðnu upp. Það drepur ekki neinn meðalbónda að kaupa smá „riffil", en skot tel jeg sjálfsagt að nota til sveita, þar sem allir eru óæfðir að rota, en það er viðurkent að þurfa mikla æfingu, til þess að það takist vel.

Jeg vil frá mínu eigin brjósti áminna þá alvarlega, sem hæst hafa hrópað um fugladráp mín og annara, að aflífa skepnur sínar á heiðarlegri hátt hjer eftir en hingað til, og ekki síst þá, sem hafa haft fuglafriðunarlögin að yfirskyni við ásakanir á mig, að gæta betur dýraverndunarlaganna í sinni eigin meðferð á skepnum. Álýt jeg annars að telja fuglaverndunarhjal þeirra meira sprottið af öfund og illgirni, en það sje þeirra



hjartfólgið mál — sem jeg hefi reyndar aldrei álitið — hvorki hjá hreppstjórum nje öðrum einstaklingum, sem ætíð þurfa að hafa einhverja liði að kroppa.

Þriði.

__Athugasemd.__ Óneitanlega finst mjer blandað saman óskyld efni í grein þessari. Hún virðist að nokkru leyti ætluð sem vörn fyrir þá, er drepa friðaðan fugl, og sumpart á hinn að bera blak — að því er virðist — af þeim, er verða fyrir ágangi af búpeningi annara og þykja ýta freklega af sjer.

En þótt nú þessir sömu vildu beitast fyrir því, að dýrin hlytu sem mildastan dauðdaga, þá get jeg alls ekki sjeð að það rjettlæti dráp þeirra á friðlýstum fugli, eða það, ef einhver fyndist, of grassár eða meinsamur.

Hinsvegar tjáir Ingimundur gamli höf. þakkir fyrir það að vilja hvetja menn til þess að sýna sem mesta mannúð og líkn í lífláti húsdýranna, og fylgja fyrirmælum um þá bestu aðferð er álíst. Mjer finst sem það væri góðu heilli að búnaðarfjelagið hjer, ræddi þetta mál — ef það

skyldi eiga eftir að halda fund — því að í því eru flestir bændur sveitarinnar.

Reyndar finst mjer þó ekki nægur hugur fylgja máli hjá greinarhöf., ef hann aðallega hvetur þá, til þess að deyða dýrin mildilega, sem mest hafa vilt dráp hans á friðlýstum fugli, því að þeir hafa verið sízt of margir.

Ingimundur gamli hefir aðeins einu sinni vikið nokkrum orðum að þeim, er drepa fuglinn friðaða, talaði þá um málið alment, en veitist ekki að neinum sjerstökum, svo sem greinin sú ber með sjer. En væri svo, að Friði ætti við höfund þeirrar greinar, og að hún hefði verið samin af „öfund og illgirni", þá mundi hann eiga erfitt með að sanna að höf. sá hefði nokkurntíma ásælst hjá honum fuglinn. Mætti hann því renna þessum orðum niður með fuglakjötinu, því að þau eru hans eigin „munablóm", svo fögur sem þau eru.

Þá finst mjer og blandin sú hugsun að segja að hreppstjórar þurfi altíð „að hafa einhverja hlið að kroppa", þótt þeir ef til vill stökum sinnum lýsi óánægju yfir lagabrotum — um sektir er nú víst sjaldan að ræða hjá þeim —



Af orðum þessum mætti þá draga þá ályktun, að laga-eftirlit væri ódrengileg áreitni.

Ritstjórinn.

## Stökur

Fest í lyndi leikur mjer,
lífið yndi veitir
sorg í skyndi framhjá fer,
sem fys er vindur þeytir.

Sólin bætur sólskinið
svíða mama greyin,
hún er bara að venja við
selgjuna hinu megin.

(Ókend höf.) Friði.

# Vel svarað.

Margir hafa skemtun af því, þegar einhver svarar vel því, sem að honum hefir verið vikið, hvort heldur það hefir verið í hversdagslegum orða viðskiftum ræðu eða riti. Sum af tilsvörum þessum hafa geymst í munnmælum svo öldum skiftir.

Í Íslendingasögunum er mikið af ýmsum tilsvörum og spakmælum, sem að nokkru leyti hafa hjálpað til að halda við minni um marga atburði þar til sögurnar voru skráðar. T. d. sögnin um Atla, þræl Geirmundar heljarskinns. En eftir söguöldina ~~var~~ færra manna getið, sem spakmæli eða góð svör höfð eftir.

Með seinnitíma mönnum heyrist þess sjaldan getið að orðatiltækjum þeirra sje á lofti haldið. Það virðist talsvert einkennilegt eins og nú er margt látið „þrykk út ganga", því þótt menn í seinni tíð sjeu ekki eins orðspakir og á söguöldinni, þá mun enginn efi á því, að ýms tilsvör geta lýst eins góðri náttúrugreind og skarpri hugsun og sumt af þeirri andlegu kræsing sem fyllir



mikið af þessarar aldar bókmentum þjóðarinnar.

Jeg vil því skora á aðstandendur Ingimundar gamla að reyna að tína saman eitthvað af þeim smásögum, sem enn þá eru í munnmælum af tilsvörum þeirra manna, sem orðheppnir hafa verið taldir, og að þar væru einkum teknar vel gerðar tækifærisvísur.

Sagnir þessar ættu svo að takast í blaðið undir fyrirsögninni: „Vel svarað."

Eggert Konráðsson

Til gamans og fjölbreytni óskar Ingimundur gamli þess, að lesendur sínir sendi sjer lista yfir svo sem 5 merkustu Íslendinga er þeir telja að sjeu og verið hafi. Mun hann síðar birta hver fær flest atkvæði.

Ritstjórinn.

---

Ritstjóri: Kristján Sigurðsson.

---

# Ingimundur gamli

| 3. blað. | Sunnudaginn 11. febr. 1923. | IV. árg. |
| --- | --- | --- |

## Ýmsir merkismenn í Vatnsdal.

Sögufróðir menn telja Ingimund gamla einhvern merkasta landnámsmanninn er flutti til Íslands frá Noregi. Hann var vitur maður, kynstór og hinn mesti atgerfismaður í hvívetna, en sjerstaklega er göfugmennsku hans og góðmensku viðbrugðið, þegar „banaspjótið bar hann heim í sári og bjó þeim líkn er myrti sjálfan hann“.

Þegar hvorutveggja er, að Ingimundur var fyrsti maðurinn, er byggði Vatnsdal og líka besti maðurinn þá má það hverjum manni ljóst vera, að Vatnsdælingar gátu ekki valið sveitablaði sínu betra nafn en hans. En vandinn er þá líka meiri að láta það ekki kafna undir nafnið

Hugsum okkur, að Ingimundur mætti líta úr gröf sinni og tala til þeirra manna, er nú byggja óðal hans. Hvað myndi það helst vera, sem hann vildi brýna fyrir þeim?

Má vera að skiftar verði skoðanir um það, en mjer finst það vera auðráðin gáta. Hann myndi helst kjósa, að eftirmenn hans í dalnum æfðu sömu dygðir, sem hann gerði sjálfur, eða með öðrum orðum: Reyndu að líkja eftir honum og taka hann sjer til fyrirmyndar.

Vitanlega kemur ekki til mála að líkja eftir hermanninum eða víkingnum, sem kepti eftir herfrægð sinnar tíðar, heldur eftir því, hvernig hann var sem íslenskur bóndi. Er þá einkum tvent sem mest ber á: Fyrirhyggja og skörungsskapur bóndans og svo afbrigða göfugmenska og góðgirni hans. — Hjer er ekki átt við það, að allir eigi að reyna að verða sveitar—



höfðingjar, um það verður að ráða hæfileikar og önnur aðstaða — heldur hitt, að allir leggi fram krafta sína til þess að standa vel í stöðu sinni, hver sem hún er.

Það er alkunna, að fátæki einyrkinn hefir oft reynst meiri nytsemdarmaður, en annar, sem ríkari var. Andlegi efnahagurinn stendur oft í öfugu hlutfalli við hinn jarðneska. Góðgirnin getur átt jafnt heima hjá öllum.

Nú vita það allir, að í heiðni var það talið svo sjálfsagt að hefna fyrir víg, og jafnvel fyrir móðganir, að sá þótti ekki geta haldið virðingu sinni, er ljet það ógert. Jafnvel synir Ingimundar þóttust ekki mega setjast í öndvegi fyr en hans var hefnt.

En þótt Ingimundur væri alinn upp í heiðni, braut hann svo gersamlega bág við hefnivenjur sinnar tíðar, að hann ljet það vera síðasta verk sitt að bjarga banamanni sínum. Þetta göfuglynda gæðmenni — þótt heiðinn væri — breytti algerlega eftir því, sem er þungamiðjan í kenningu Krists og breytni að fyrirgefa óvinum sínum — launa ilt með góðu. Verður því nafn hans frægt og ógleymanlegt, svo lengi sem sögur verða lesnar.

Það er viðurkent um allan heim, að dæmi þeirra manna, sem unnið hafa einhver nytsemdarverk

hafi orðið öðrum til uppörfunar, og ekki síst þess vegna er þeim á lofti haldið. Það er að vísu svo, að „sjón er sögu ríkari", og það er áhrifameira að geta sjeð það, sem best hefir verið unnið og til mestra framfara, en það er líka uppörfandi og fræðandi að lesa um það. Við slíkan lestur getur margt frækorn borist inn í hug og hjarta lesendans, sem ef til vill ber hundraðfaldan ávöxt.

Jeg vil því leitast við að láta Ingimund gamla segja frá nokkrum einstökum mönnum er lifað hafa í Vatnsdal og starfað þar til góðs fyrir sveitina á síðari tímum.

## I.

## Björn Auðunarson Blöndal.

### sýslumaður.

Hann er fæddur      nóv. 1787 í Blöndudalshólum. Foreldrar hans voru Auðun prestur í Blöndudalshólum, Jónssonar prests á Bergsstöðum, Auðunarsonar bónda. og Halldóra Jónsdóttir, prests á



Auðkúlu, Björnssonar prests á Hjaltastöðum.

Björn kom í Reykjavíkurskóla 1902 og útskrifaðist þaðan 1809. Fór hann þá utan og tók lagapróf í Kaupmannahöfn, var svo fyrst á skrifstofu hjá Grími Jónssyni í Sjelskör, er hjer varð síðar amtmaður og svo hjá stiftamtmanni Moltke í R.vík. Í Kaupmannahöfn tók hann sjer viðurnefnið „Blöndal" er hann var jafnan nefndur síðan. Árið 1820 fjekk hann veitingu fyrir Húnavatnssýslu. Hann tók sjer bústað í Hvammi í Vatnsdal og keypti þá jörð. Árið eftir giftist hann Guðrúnu Þórðardóttur, verslunarstjóra Helgasonar af Vindhælisætt. Þau eignuðust 11 börn, er náðu fullorðins aldri:

Björn Lúðvíg, Jón Auðun, Benidikt Gísla, Sigríði Oddnýju, Bjarna Magnús, Þorlák Stefán, Gunnlaug Pjetur, Ágúst Theódór, Lárus Þórarinn, Jósef Gottfreð og Pál Jakob.

Blöndal sýslumaður ljet sjer annara um mentun barna sinna en þá var títt. Hjelt hann löngum „lærða" kennara, er kendu sonum hans undir skóla, þá er þeir fóru að vaxa upp. Einn af þeim kennurum var Jón Pjetursson, er síðar varð háyfirdómari. Annar Sigfús Jónsson prestur frá Reykjahlíð, er giftist Sigríði dóttur Blöndal

Hann var lengst prestur á Tjörn á Vatnsnesi og síðast á Undirfelli og dó þar 1876.

Af sonum sýslumanns urðu 6 embættismenn og hinir voru einnig vel mentir. Hann hvatti og aðra til þess að menta börn sín.

Í sýslumannaæfum Boga Benidiktssonar á Staðarfelli segir m. a. um Blöndal: ... „hann húsaði þar vel – þ. e. í Hvammi – hann hefir og aðra jörð með, er heitir Flaga. Fjölda mikinn kvikfjár hefir hann, og er sagður mesti uppgangsmaður og búhöldur góður. Hann hefir orðið að vera dómari í drápsmáli (þ. e. Natans.) og iðulega í öðrum illvirkjamálum í sýslu sinni og farnast vel. Var þar mjög róstusamt, er hann kom til sýslunnar. Hann þjáist mikið sinnugur, gætinn og spakur maður. Hann var fremur öðrum sýslumönnum norðanlands valinn í embættismannanefndina í Reykjavík og þótti oft leggja heppilega til mála. Hann sat á alþingi 1845 sem konungkjörinn þingmaður, síðar var hann sæmdur kansellíráðs nafnbót.

Kona Blöndal var mesta búsýslukona, og þótt mikill væri barnafjöldi þeirra, ræktuðu þau saman miklu fje í þau 26 ár er þau saman



bjuggu, svo að við fráfall hans þjáist dánarbúið hafa verið um 18.000 ríkisdalir."

Björn Auðunarson var mikill maður vexti og nokkuð feitlaginn, fríður sýnum, svipmikill, en þó góðmannlegur. Tal þó brugðið af því, og orðið harðlegur er hann átti við óaldarmenn, svo að þeim stóð af honum geigur. Hversdagslega var hann glaður, prúðmenni og fastur í lund. Í embættisfærslu var hann svo röggsamur að orð var á gert, jafnvel um land alt.

Guðrún kona hans var heldur smá vexti, skýrleg og fjörleg á svip, ramgóð og brjóstgóð við fátæka og höfðingi í lund. Hún hafði söngrödd svo góða að mjer er í barnsminni, hvað hin snjalla rödd hennar tók yfir annara, er hún söng við húslestra, var hún þó orðin gömul þá. Fögur söngrödd varð arfgeng hjá börnum og niðjum þeirra hjóna svo sem mörgum er kunnugt.

Í æsku heyrði jeg sögur um það að Blöndal hefði látið fóðra fjenað sinn miklu betur en þá var títt, og að hann hefði verið afbragða fjárglöggur. Því var það, að karl einn grunnhygginn, vildi hæla sýslumanni fyrir glöggleik. Komst hann þá svo að orði: „Mikið sauðarhöfuð er á yður Blöndal

minn". Í annad skifti var þad ad sýslumadur vítti nágranna sinn, Gísla bónda Árnason á Eyjólfsstöðum, fyrir þad, ad hann fódradi illa gemlinga sína. Gísla vard skapbrátt og svaradi: „Þad eru ekki betri andskotans höfrungahlaupin í gemlingum þínum, Blöndal".

Svo sem ádur er ádrepid, voru stuldir mjög tídir í Húnaþingi þegar Blöndal kom til sýslunnar.

Gudmundur hjet bóndi á Múla. Hann var audugur og safnadi peningum. Geymdi hann sjód med 144 dölum í og var þeim stolid. Grunur fjell á umrenning, er Helgi hjet. Vard hann hræddur vid og fór á fund Natans Ketilssonar, er var talinn spakvitur. Gudmundur kærdi stuldinn fyrir Blöndal, kalladi hann Helga fyrir rjett og Natan líka. Helgi þrætti fyrir peningatökuna. Blöndal gekk fast á Natan, en hann neitadi allri vitund. Kalladi hann Natan þá á einmæli og leiddi honum fyrir sjónir, ad eigi mundi honum annad hollara, en segja sannleikann, og spurdi hvort hann gæti synjad fyrir ad hafa sent Helga. Natan svaradi á þá leid, ad eigi hefdi hann sent Helga en eigi væri sjer ókunnugt um stuldinn.



Er mælt ad hann hafi svarad þannig, vegna þess ad hann óttadist, ad sjer yrdi dæmdur synjunareidur, en eid vildi hann aldrei vinna.

Fyrir rjettinum skýrdi Blöndal frá því, ad Natan hefdi játad hylmingu med Helga, en þá þrætti Natan fyrir. Tók Blöndal þá þad ráð ad rýma dómarasætid, fá settan dómara ~~in~~ koma sjálfur fram sem vitni. Var Espólín settur dómari og þingadi í málinu. Bar nú Blöndal vitni um ord Natans í eintali þeirra, en hann var einn til vitnis og gilti þad eigi gegn neitun Natans. Gekk Espólín fast á en ekkert vannst á. Vard hann þá reidur. Er þeir kvöddust storkadi Natan honum. Kvad lítit ordit erindi hans. Væri sekum manni betra ad standa 10 sinnum fyrir rjetti hjá honum, en einu sinni hjá Blöndal. Espólín dæmdi í málinu og skyldi Natan hýdast 15 vandarhögg, undi hann því hid versta.

Stuldir voru tídir í Langadal. Var þar uppi óaldarflokkur, og Holtastada-Jóhann talinn fyrir þeim. Blöndal hafdi stefnt þeim 5-6 til rjettarhalds ad Geitaskardi. Höfdu sökudólgarnir leynifundi med sjer ádur nálægt Breidavadi, en þar var þá Natan ad lækningum. Vildu þeir hafa hann

til ráða og í vitorði með sjer. Var þá einn sendur eftir honum og brugðið fyrir því, er sýndist. Kom hann á fundinn; er þeir höfðu ráðið ráðum sínum um stund, sagði einhver þeirra, að aldrei mundi þeim óhætt, nema Blöndal væri af ráðinn, því að varla kæmi annar eins eftir hann. Tóku hinir undir það, þóttust þeir vita að Blöndal mundi gista á Geitaskarði og sofa í rauðu stofunni, mætti þá skjóta á hann sofandi inn um glugga, er var andspænis rúminu. Þetta leist þeim þjóðráð öllum nema Natani. Hann kvað það óráð. Þeir kölluðu hann huglausan og ógnuðu honum, þóttist hann sjá, að ráðlegast mundi að mæla eigi móti þeim, ljest samþykkja og mælti fyrir samsæris-formálann, að sá skyldi engu fyrir týna nema lífinu, sem að vor-ði Blöndal með penna eða tungu. Höfðu þeir handsöl að þessu og skildu að því. Natan fór aftur að Breiðavaði, og fann þá ráð til að aðvara Blöndal.

Natan kom að Geitaskarði daginn fyrir rjettarhaldið. Hann og Worm Beck, sem bjó á Geitaskarði ræddu um þetta og kom þeim ásamt að vaka um nóttina, og vita ef þeir yrðu nokkurs varir. Er nokkuð var liðið á nóttina, heyrðu þeir að



riðið var í hlaðið, farið af baki og hlerað við stofugluggann um stund, riðið svo burt aftur og farið að öllu hljóðlega. Gátu þeir sjer til, að sá er hleraði hefði orðið þess vísari, að enginn ~~hefði~~ væri í stofunni.

Þá mælti Blöndal við Worm: „Fám mönnum er Natan líkur, og betri er hann en jeg ætlaði. Mjer hefir verið sagt að hann vildi mig feigan og sitja um líf mitt, en nú hefir hann reynst öðruvísi". „Þið Natan frændi ættuð að verða vinir", sagði Worm. „Sit á sjer tíma", svaraði Blöndal. Þingaði hann daginn eftir og voru sökudólgar eigi upplitsdjarfir fyrir honum. Urðu sumir þeirra uppvísir að stuldum.

Daginn eftir frjettist að Skarði, að Natan væri á Þorbrandsstöðum. Worm ljet sækja hann. Blöndal spyr hvort það sje satt, „að þú viljir mig feigan". „Nei", segir Natan. „Jeg vil eiga þig, til þess að veiða úlfa og refi, og þann muntu vinna, sem mjer verður skaðastur". Blöndal rjeð honum til að hætta öllum slægðarbrögðum, en ávinna traust manna með áreiðanleik. Natan kvað þá vísu:

Þótt jeg annars vildi var
vera um samleiksþanka far
veginn banna betrunar
bölvaðar manna skammirnar.

Blöndal kvaðst skyldu vera vinur hans, ef hann
kynti sig vel þaðan af. Natan hjet góðu um það.
Litlu síðar var Natan að lækningum þar sem
Blöndal þingaði í þjófnaðarmáli. Þótt auðsætt
að einn hefði stolið, en líkur bárust þó að fleirum
og var þeim stefnt öllum. Blöndal talaði ein-
mæli við Natan áður en þeir koma. Er þeir voru
komnir voru þeir kvaddir til borðstofu og
gefið skyr að borða. Síðan voru þeir kallaðir fyrir
rjett og gekst enginn við stuldinum. Þá kallaði
Blöndal þá alla saman, hjet sækja Natan og
mælti við hann svo að þeir heyrðu: „Láttu nú
sjá að þú kunnir meira en aðrir, segðu mjer hver
þjófurinn er". „Það skal jeg gera", sagði Natan, „það
er sá, sem er með skyrsletturna á nefinu". Þá
bregður einn hendinni á nefið í fáti. Sá var nú
tekinn fastur og meðgekk hann stuldinn.

Höfðu þeir Blöndal og Natan sett þessi ráð
fyrirfram, ef á þyrfti að halda. Þá er sagt að
Natan hafi kveðið vísu þessa:

Hrekkja spara má ei mergð
manneskjan skal vera
hver annarar hrís og sverð
hún er bara til þess gerð.



Blöndal hafði verið 8 ár í Húnaþingi þegar Natan
var myrtur á heimili sínu Illugastöðum á Vatnsnesi,
aðfaranótt 14. mars 1828. Jón Sigurðsson á Stöpum
– er síðar varð bóndi í H        rannsakaði bæjar-
rústirnar á Illugastöðum, og líkin, sem voru talsvert
brunnin. Sá hann áverka á líkunum, svo að auðljóst
þótti að vera mundi af mannavöldum. Grunaði
hann um það Friðrik í Katadal.

Jón sagði þeim Agnesi og Sigríði á Illugastöðum
að það væri lög, að þá er voðatilfelli yrði, ættu þeir er
af kæmust að mæta fyrir sýslumanni, til þess að skýra
frá öllum atvikum. Fóru þær með honum að Þverá
í Vesturhópi. Kom þá kergja í Agnesi, svo að hann
kom þeim ekki lengra, en fór sjálfur á fund sýslu-
manns. Brá hann skjótt við, fór að Þverá og yfir-
heyrði þær. Bar hann sakir á þær og játaði Sigríður allt
þegar í stað, en Agnes þrætti. Voru þær settar í varð-
hald.

Sýslumaður reið að Vesturhópshólum, þar varð
hann að skilja eftir hest sinn, því að mikill snjór
var þá nýlagður á fjallið. Fór sýslumaður á fæti vestur
og svo var áhugi hans mikill, að fylgdarmenn hans gátu
varla fylgt honum, var hann þó nokkuð feitur. Má
af þessu marka kapp hans og karlmensku. Fjall-

veginum er slæmur, snarbratt austan og vestan. Þegar hann kom að Katadal, spurði hann Sigurð bónda hvort Friðrik væri heima. „Fyrir stuttu var hann heima“ sagði Sigurður. Blöndal bað kalla hann út. Sigurður fór inn, en kom brátt aftur og kvaðst ekki finna hann. Ljet Blöndal þá menn sína leita og fundu þeir hann í eldiviðarhlaða. Tók sýslumaður hann til fanga og færðu þeir hann að Tjörn. Voru þeir þar um nóttina. At morgni setti sýslumaður rjett og yfirheyrði Friðrik. Var hann harðsnúinn fyrst, en meðgekk þó að lokum. Tók Blöndal hann með sjer og nú meðgekk Agnes líka. Voru þau öll í varðhaldi þaðan af, þar til málinu lauk. Friðrik og Agnes voru hálshöggvin í Vatnsdalshólunum, 12. febr. 1830 og hafði dómur Blöndal þá verið staðfestur í yfirrjetti og hæstarjetti.

Það, sem nú hefir verið sagt frá um hríð, er tekið úr Natanssögu Brynjólfs frá Minnanúpi, en nokkuð stytt, eða dregið saman. Þótt frásögnin snúist alt of mikið um Natan þótti rjett að taka þessa kafla upp hjer, af því það kastar nokkru ljósi yfir ástandið í Húnavatnssýslu á fyrri embættisárum Blöndal. Má af því ráða hvert þarfaverk hann vann, er honum



Það er mælt um Gretti, að honum hafi framar öðrum mönnum verið lagið að koma af reimleikum. Varð af því víða hin mesta hjeraðsbót. Líkt má segja um Blöndal, þótt á öðru sviði væri. Svo má að orði kveða að alt væri dottið í dúnalogn í Húnaþingi á síðustu árum hans. Þar var meira en meðalmannsverk af hendi leyst.

Björn sýslumaður Blöndal dó úr hinni skæðu mislingasótt, 23. júní 1846 á 59. aldursári. Þótt fráfall hans væri tilfinnanlegt fyrir Vatnsdal má fullyrða að sýslubúum hans yfirleitt þótti það hjeraðsbrestur.

Framh.

Ritað í Siglufirði í nóv. 1922.

Björn Sigfússon.

## Staka

Leggist þoka efans á
einn má hinni varna
björt á munans himni há
heiðlög vonarstjarna.

Þorkell yngri.

# Rot eða skot.

Í öðru tölubl. „Ingimundar gamla“ þ. á. birtist greinarkorn með yfirskriftinni: „Aflífun húsdýra“. Höfundurinn, sem kallar sig „Þrída“, byrjar mál sitt með því, að undrast yfir að skynsamir og mentaðir menn láti sig litlu skifta, hvernig húsdýrin okkar sjeu aflífuð. Þarna finst mjer Þrídi taka nokkuð fullan munninn, því að jeg veit mjer er óhætt að fullyrða, að fæstum eða engum — sem skepnur á — stendur á sama hvernig þær eru deyddar. Hitt er annað mál hverjar aðferðir eru bestar við aflífun sauðfjár og annara alidýra. Og eins og við vitum allir, þá hefir tíðkast skurður á sauðfjenu á heimilum nú um marga áratugi og ef til vill aldir, og þess vegna er ekki hægt að krefjast þess, að alt í einu sje hætt við þessa aðferð, án fullkominna laga og eftirlits í þá átt. Nei, þetta er eitt af því, sem verður að breytast smátt og smátt með tímanum og vaxandi menningu þjóðarinnar, því að lengi eimir eftir af gömlum vana. Nú sem stendur er aðallega um tvær aðferðir að ræða, sem sje



rot með helgrímu og skot, og finst mjer nokkrir annmarkar á þeim aðferðum báðum heima í sveitunum. Hin fyrnefnda er viðurkend að þurfa mikla æfingu, til þess að takast vel, en ætti nú hver og einn að taka upp þessa aðferð, mætti búast við að fyrst um sinn yrði síðari villan verri hinni fyrri, og þeir menn, sem rotuðu fjenað sinn gætu kallast „skepnumíðingar“ — eins og Þrídi kemst að orði, — ekki síður en þeir, sem nú skera fje.

Allir vita hve byssan er hættulegur gripur og mætti vel búast við að fleiri eða færri slys leiddu af því, ef menn væru skyldaðir til þess með lögum að nota hana við líflát á skepnum sínum.

Enn fremur finst mjer samúð Þrída með dýrunum nokkuð takmörkuð, þar sem hann talar aðeins um húsdýrin, en játar fyllilega að hafa haft að engu fuglafriðunarlögin og aðfinslur ýmsra manna um brot sín á þeim.

Margir — og þá ekki síst fuglaskytturnar — vita, að oft mega þeir eyða tveimur, þremur og kanski fleiri skotum á sama fuglinn meðan lífið er að kveljast úr honum, þótt skyttan geti á endanum gert út af við hann

sem oft er þó ekki að fullu.
Jeg hefi margan fuglinn sjeð illa útleikinn eftir skot, margvíslega særðan, og má geta nærri hvernig þeim líður.
Að endingu skal það tekið fram, að þótt allar gömlu líflátsaðferðirnar sjeu bannaðar, en lögboðið að skjóta og rota, þá get jeg mjög vel búist við, að þau lög verði mest pappírslög, og ekki síður brotin en fuglafriðunarlögin.

Skepnueigandi.

## „Margt er skrítið í Harmonium“.

Í síðasta tölubl. Ingimundar þeysir nýr höfundur fram á ritvöllinn. Maður þessi er allvel vitandi og sópar mikið að honum!! Heitir spámaður þessi „Máni“. Frekar skrítinn náungi.
Svo ~~virðist~~ virðist sem vondur sjúkdómur



gangi að manni þessum, því að hann sjer og heyrir ýmislegt, sem aldrei hefir átt sjer nokkurn stað. Og svo í miðju óráði sínu sest hinn iðrandi syndari niður og skrifar grein eina sem öll er eitt óráðshjal frá upphafi til enda.
Hinn háttvirti herra gerir að umræðuefni í grein sinni — er hann nefnir „Söngur“ — söngmál okkar Áshreppinga. Ræðst höf. með mikilli frekju og orðastraum á flokk karla og kvenna, hjer í sveit, er kom nokkrum sinnum saman síðastl. vor og sumar, til þess að syngja. En þrátt fyrir það, þótt Máni ausi skarni yfir flokkinn í heild sinni, þá er höfuð-kveðjan ætluð einum manni. Er það ilt ofan á alt annað hjá manni þessum að blanda þannig saman mönnum og málefnum. En það verður af engum krafist meira en náttúran hefir gefið honum, svo að þessi synd verður að dæmast vægt.
Svo sem jeg hefi áður getið, nefnist grein Mána „Söngur“. Upphaf greinarinnar er á þessa leið: ~~Upp~~-haf „Á málfundi í fyrravetur birtist okkur grein í „Ingimundi gamla með þessari fyrirsögn:“
Vel af stað farið!! Hvenær birtist grein í Ingimundi gamla með fyrirsögninni: „Söngur“? Þá grein hefir víst enginn lesið nema Máni. Hjer hefir höf. því

hlaupið í nokkurs konar hundavaði, sem kostar hann að vera ósannindamaður að meiri hlutan af hinum fögru orðum sínum, er ritsmíð þessi samanstendur af.

Þar næst snýr Máni sjer að þeim manni, sem á að hafa samið þessa merkilega graut, er aldrei hefir verið til. Segir hann (þ. e. Máni) að sá maður hafi stundað söngnám og aðrar fagrar listir. Fer höf. þar með ósannindi í annað sinn, hvað snertir aðrar listir en söng. Eru nú liðnar fullar fjórar línur af ritsmíð Mána, svo að annað hvort væri þótt rúsínurnar væru farnar að koma úr grautnum. En mikil er sú fjölgun að verpa tveimur eggjum á jafnstuttum tíma, þótt aldrei nema það sjeu fúlegg.

En þegar nú verið er að tala um söngnám þá rifjast upp fyrir mjer ~~söngnám~~ saga frá liðnum tíma. Sagan er af pilti, sem langaði mjög til þess að læra að spila á hljóðfæri. Hugsaði hann mikið um mál þetta og urðu þær endalyktir að hann fjekk sjer keyptan fiðlugarm, er hann síðan kom í að-gerð. Stuttu síðar var hljóðfærið notað og listamannsefnið gat höndum farið þetta merkilega hljóðfæri. En bræður góðir! Hver



haldið þið að hafi svo orðið afdrif fiðlunnar? Maðurinn var talsverður íþróttamaður og því vanari hvers konar bausatökum en að fara með veigalítið hljóðfæri. Má því enginn taka til þess, þótt höfuðið færi af fiðlunni á einhvern óvenjulegan hátt. En í því ásigkomulagi kvað hún vera nú.

Þetta er nú í rauninni útúrdúr, en jeg vildi aðeins benda Mána þetta, fyrst það eru fleiri en jeg sem hafa haft áhuga fyrir sögnum hjer í sveit og annað; að hinn virðulegi höf. myndi kanski eftir því að hafa heyrt þessa sögu, og hefði því gaman af að rifja hana upp aftur.

Þessu næst tekur Máni sprett á „fáknum“ yfir rjettsljettar grundir síns eigin vísku og kemur sannleikanum langt aftur af heljunni er hún þeysir fram í glæstum skrúða skáldlegra hugsjóna, og væri það hreinasta ósanngirni að þykja ekki mikið til mannsins koma, og hafa þau ummæli um riddarann, að hann væri ekki reiðmannlegur, þótt dálítið sje hann bókinn á merinni. Sjest það glöggt, að maðurinn hefir numið „Hesta og reiðmenn“. S. Schraders, ásamt fleiru er að reiðmensku lýtur, samhliða þeirri góðu æfingu er menn alment hljóta, er stunda

lamningu. Gj

Sötur er blessaður grauturinn, en illa þykja mjer rúsínurnar soðnar. Hefi jeg tínt nokkrar þeirra saman og sendi þær heim til föðurhúsanna með nokkrum ölmugasendum. — — „svo hið mikla starf hans og blessunarríka, sem söngstjóra okkar", segir Máni ásamt svo mörgu öðru. Fer höf. enn með ósannindi. Hver úr söngflokknum hefir skrifað grein þessa? Eða hvenær hefi jeg verið söngstjóri annara en þeirra sem þar hafa starfað? Enn fremur: Höfundur telur sig fullan ítrunar þess að hafa verið á móti söng fyrir nokkrum árum. Skyldi það hafa verið um sama leyti og gert var við fiðlugarminn, sem minnst hefir verið á áður?

Svo eru þessi nýyrði, sem blessaður maðurinn segir mig hafa komið með á málfundi í fyrravetur. Man nú ekki eftir því, en hinu man jeg eftir að á fundi í fyrravetur gerði jeg fyrirspurn til eins fundarmannsins um, hvort nokkur gæti verið hálfur í fjelagsskap og en hálfur ekki. Skýringuna fjekk jeg ekki þá, en nú skýrist málið af sjálfu sjer, því að „máninn" getur bæði verið fullur og hálfur.



Máni segir, að söngflokkurinn hafi oft: „Allt eins og blómstrið eina", ásamt fleiri útfarsálmum. Í sambandi við það er honum allskrafdrjúgt um eitthvert ónefnt fjelag hjer í sveit, er var einu sinni nær því á grafarbakkanum. Þetta atriði greinarinnar verð jeg að játa að jeg skil ekki, því að mjer er ekki kunnugt, að nokkurt fjelag hafi verið á grafarbakkanum um þessar mundir. Er þetta því aðeins heilaspuni þessa veslings manns, sem sífellt sjer ofsjónir.

Ekki er mjer það vel ljóst — fremur en margt í ritsmíð þessari — hvenær Máni getur hafa heyrt söngflokkinn syngja hersöngva sunnan af Balkanskaga eða þjóðsöng Japana. Misskilningur þessi er svo merkilega barnalegur, að hann er sjálfsagt hjer um bil einsdæmi. Hlýtur þetta að eiga rót sína að rekja til þess að maðurinn er óvenju sjálfhælinn og fyrir framhleypni sína blaðrar um hitt og annað, sem hann ber ekkert skin á. Annars vildi jeg leyfa mjer að mælast til þess, að Máni gæfi okkur sveitungum sínum kost á að heyra þessi lög, því að hjer í sveit kann þau víst enginn annar!!

Þá er þess getið að söngflokkurinn hafi sungið í skólahúsinu á Sveinsstöðum. Var hreppsnefndaroddvit-

um okkar á sömu stundu að tifast gegnum símann". Já, allur fjárinn kemur nú fyrir hjerna í „Kárdalstungu". „Það er þá farið að tala í gegnum símann"!! Skyldi þó vera gat á honum? Eða eru menn farnir að tala gegnum heilt? Auk þess hefir söngflokkurinn, sá, sem hjer ræðir um, aldrei sungið í nefndu skólahúsi.

Máni getur um einhverja allsherjar æfingu sem var svo þröngt á, „að maður varð að standa ofan á manni." Hjer hlýtur að vera átt við æfingu sem var í vetur fyrir jólin. Komu þá saman 6 úr söngflokknum, til þess að búa sig undir sönginn á hátíðinni. Auk þessara söngfjelaga var þar einn „óboðinn gestur", sem stundum hefir komið fyrir inn á æfingar, þótt honum hafi ekki verið boðið þangað. Hvort nú á þessum manni hefir verið svo þröngt, að hann hefir orðið að standa ofan á sjálfum sjer, það veit jeg ekki.

Það er því óþarfi að ~~að~~ geta þess að danskan sem sungin var á þessari æfingu, voru jólasálmarnir okkar. Það er ekki „ein báran stök" fyrir Mána. Jólasálmarnir hljóma í eyrum hans sem danska. Get jeg því heldur ekki tekið til mín hin lofsamlegu ummæli um söngstjórann, er stýrði þessari



æfingu, þar eð kirkjuorganleikaranum heiðurinn en ekki mjer.

Fyrir hina síðustu ósk Mána okkur söngfjelögunum viðkomandi — og þó einkum mjer, — því „það á ekkert að fara — finn jeg skyldu mína að færa honum alúðar fylstu þakkir"!! Jafnframt er það ósk mín að Máni eigi eftir að þýða mörg blöð Ingimundar gamla með sínum fögru skrifum og góðu heimildum. En æskilegt væri að hanan gengist við eigin afkvæmum sínum, en verpti eggjum sínum framvegis ekki sem kría.

Sigurður Þorsteinsson.

# Núll.

Ekki man jeg hvert ártalið var, en það var sama árið og presturinn sálugi steig fram af stokknum og steypti sjer um í annað líf. Á því herrans ári bar margt til tíðinda á landi hjer.

Þá var alþing háð um veturinn rjett eftir áramót og eitt af þeim lögum, sem þá voru til aðgerðar í þinginu, var um kosningu presta, og breyttust þau

sem vænta mátti til betri vegar, því að nú var ákveðið að hvenær, sem prestsembætti losnaði, þá skyldi söfnuðurinn kjósa um hvern umsækjanda, er hann óskaði helst að fá fyrir sinn sálnahirði.

Um þinglausnir losnaði Hagabrauðið, en þessar væntanlegu kosningar urðu til þess að auka mikið umstang og ról í sókninni, því að áður hafði það svo gengið, að þegar það brauð sem önnur hafði losnað, sendi sá góði biskup þangað einhvern prest söfnuðinum fyrirhafnarlaust og það fjelu allir sjer vel líka.

En nú átti söfnuðurinn að kjósa, og sáu flestir sem eitthvað höfðu við kosningar fengist, að mundi verða æði vanda-samt, því að eflaust yrðu umsækjendur margir, og það yrði úr stórum hóp guðsmanna að velja fyrir sandsvattan og syndugan almúgann — það yrði vandi — Auðvitað mundu þeir allir verða góðir, en líklegast hver öðrum betri, og þá væri sjálfsagt að ná í þann besta.

Fólk beið með óþreyju eftir að frjetta hverjir mundu sækja og löngu áður en umsóknarfrestur var úti, var frjett um stóran hóp umsækjenda. En hvað er það sem ekki skeður? Þegar umsóknarfrestur er úti er tala um-



sækjenda 1 — segi og skrifa einn heill — Það er svo einkennilegt jafnoft og logið er, þá er eins og vissan um að eitthvað sje lygi, komi mönnum mjög á óvart og svo fór í þetta sinn, það var sem söfnuðurinn gæti ekki trúað því að ekki yrðu margir til að sækja um Hagabrauðið.

Jæja, þetta varð nú til þess, að margir bjuggust við að sleppa við þann vanda að kjósa prestinn. En ekki var lengi því láni að fagna, því að þá skýrði kosið um hvort söfnuðurinn vildi nú heldur þenna eina umsækjanda eða engan, og annari eins vitleysu veit jeg að hefði verið margbölvað hefði ekki um prestskosningu verið að ræða.

En aftur lagði lygi af stað. Nú frjettist að Árni á Gili og Bjarni á Hofi vildu engan prest hafa. Brátt fyrir það var alt með kyrð til kosningadags. Sá dagur var ákveðinn í byrjun heyanna var því víða örðugt með að geta sótt fundinn, svo að gæti heitið vel sótt, því að kosningarjett höfðu allir, aðeins að kjósendum hefði felt allar barnstennurnar.

Af því að kosningin var leynileg, vissi jeg lítið um hvernig hún fór fram, en það vissi jeg að daginn þann fluttu margir „kellingar"

Kosningin var mjög fjölmenn, og kom þat til af lygafregninni um þá Árna og Bjarna. Prestlausir vildu þeir ekki vera fremur en áður. Enda fór svo, að presturinn var kosinn með öllum greiddum atkvæðum.

X.

## „Vel svarað.“

Einu sinni kom Sigurður sál., er kallaður var skeggi – til Samúels heitins Samúelssonar að Helgavatni, er þar var ráðsmaður – og baðst gistingar. Um kvöldið spyr Samúel eitthvað á þá leið: „Hvaðan kemur þú núna, Sigurður minn.“ Sigurður – sem var alþektur að því að vera meinyrtur í svörum – svarar samstundis: „Frá guði almáttugum.“ „Og ertu þá alkominn þaðan“, mælti Samúel. Við þetta er sagt að skeggja hafi orðið orðfall, en það þótti þó fátítt að hann gæti ekki svarað fyrir sig.

Bárður.



Einu sinni kom ungur sjómaður inn í búð í R.vík – Fischersbúð svonefnda – og bauð „God Morgen“. Þá segir búðarmaður:

Hlægilegt er þá heimskur dóni
hugsar að tala útlent mál
sem að er getinn flón af flóni
fjekk ekki nema hálfa sál
Skvalinn er upp við kám og slor
kunni aldrei utl: „Faðir vor.“

Sjómaðurinn svarar samstundis:

Skeð getur vel að skólasmogum
skiftingur tali rjettar mál,
sannri skynsemi framhjá flogum
fóðrar á eitri stolta sál
Hickan andlegur kvelur hor
kann en les aldrei: „Faðir vor.“

J. H.

---

Ritstjóri: Kristján Sigurðsson.

| 4. blað. | | IV. árg. |
|---|---|---|

# Ýmsir merkismenn í Vatnsdal

Framh.

## II. Jón Eiríksson

prestur var fæddur 23. sept. 1801 á Hafgrímsstöðum í Skagafirði, sonur Eiríks Bjarnasonar aðstoðarprests á Mælifelli, síðar prests að Staðarbakka til 1848. Jón Eiríksson lærði í heimaskóla hjá Helga Thordarsen

sitar biskupi, og var útskrifaður af honum í
maí 1827. Hann giftist sama ár Björgu Bene-
diktsdóttur frá Víðimýri og bjó þar eitt ár.
Vígðist 6. apríl 1828 aðstoðarprestur síra Magn-
úsar Magnússonar í Glaumbæ. Fjekk Undirfell
1838 og var þar prestur til dauðadags, 21. júlí 1859.
Þegar síra Jón kom að Undirfelli, var stað-
urinn mjög niðurníddur. Má geta þess t.d. að
í baðstofunni var einn glerluggi í húsi hjónanna
- hitt skjáir - og þann gleglugga tók Ólafur
tengdasonur(?) síra Páls, um haustið og kvað eign
sína.
Vorið eftir að síra Jón kom að Undirfelli, fjekk
hann húsa staðinn, og stóð sú bygging þangað til
eftir að síra Hjörleifur Einarsson kom þangað.
Síra Jón bjó jafnan rausnarbúi, enda voru
efnin mikil. Hann var hestamaður og hafði
á hverjum vetri 1 eða 2 reiðhesta, sem hann ól á
nýmjólk og töðu. Ekki hafði hann að jafnaði
meira en 70-80 ær í kvíjum, en sauði átti hann
marga og annað geldfje, kúabú aldrei stórt
enda var töðufallið lítið. Indriðastaðir voru alt-
af byggðir öðrum.
Síra Jóni þóttu engjar grasliltar, einkum



norðurengjarnar, og fór þá að hugsa um að veita vatni
á þær, það mun hafa verið um 1850, sem hann fjekk
leyfi Friðriks Schrams, bónda á Kornsá, að taka
litla kvísl úr Kornsánni og veita á norðurengjarn-
ar. Ljet hann grafa skurð gegnum Nautabús-
móana, sem enn sjest, og náði með því vatni á all-
ar engjarnar heim undir tún. Hepnaðist áveita þess-
svo vel, að gott gras varð þar sem hún náði til.
Mun það vera fyrsta áveita á engi, sem menn
vita um í Vatnsdal. Um sama leyti fór hann að
hugsa um að byggja kálgarða í Hringhólsbrekkunni
af því að hún brann jafnan af sól og gaf lítið gras
af sjer. Naut hann við þær framkvæmdir leiðbein-
inga Jóns Bjarnasonar í Þórormstungu og gafst
það vel. Úr þeim görðum fjekk hann mest 20 tunnur
af kartöflum en minst 13.
Þegar Margrjet, dóttir síra Jóns, var síðar á Undir-
felli hjá tengdaforeldrum sínum (síra Þorláki Stef-
ánssyni og Sigurbjörgu Jónsdóttur) um 1865, sárnaði
henni ekki lítið að sjá garða þessa óhirta og grasivaxna.
Síra Jón var hjálpfús maður og skal hjer getið
nokkurra dæma: Um 1849 mistu þau prestshjónin
2 ára gamla stúlku, þau tóku þá ~~aðra~~ jafngamla
jafngamla stúlku til fósturs af Sigurði og Guðrúnu

á Köllustöðum, blá fátækum hjónum. Að ýmsu öðru leyti hjálpaði síra Jón Sigurði, t.d. var hann vanur að kaupa ~~fje~~ ómerkinga í Undirfells-rjett og sagði Sigurði að hagnýta sjer þá. Eitt sinn bað prestur Sigurð að lána sjer hest til skreiðarferðar suður á Álftanes, en sendi svo hest inn heim að Köllustöðum með böggunum.

Björn Borgfjörð, systursonur Blöndal sýslumanns, dó frá 4 ungum börnum. Þá bjó frú Guðrún, ekkja sýslumanns – í Hvammi. Hún gerði virðulega útför Björns og bauð öllum helstu mönnum sveitarinnar – þá þakkaði síra Jón fyrst í ræðu – fyrir hönd aðstandenda – rausn hennar, en hvað nú væri eftir hlut sveitarmanna að annast börnin, án þess að þau þyrftu að þiggja af sveit. Tók hann þegar sjálfur næst yngstu stúlkuna, og áður brugðust svo vel við að börnin voru öll tekin. Yngstu stúlkuna – þá kornbarn – tók Guðrún Þorsteinsdóttir í Grímstungu, og var það Helga, sem uppfrá því var með fóstru sinni þar til að hún giftist Jóhannesi Sigurðssyni í

Jón hjet maður Jónsson, myndarmaður og vel gefinn. Hann hafði verið vinnumaður á Undir-



felli, en fór síðan að búa í Gafli í Svínadal og dó þar frá þremur ungum börnum. Síra Jón vissi að börn þessi voru nánustu útarfar Sigríðar konu Jóns ríka Skúlasonar í Grímstungu. Reið hann þá á fund Jóns Skúlasonar og fjekk hann til þess að taka 2 yngri börnin, en hið þriðja kom hann fyrir hjá Friðrik Schram á Kornsá. Það er Sigurbjörg, sem nú er á Hamri í Borgarfirði.

Nokkrum árum áður en síra Jón dó, kom málaleitun frá Kirkjuhvammshreppi til annara hreppa í sýslunni, að gjetta að einhverju leyti ómaga þunga af hreppnum. Þaðan tók síra Jón dreng 5 ára eða 6 og ólst hann þar upp síðan.

Þegar síra Eiríkur á Staðarbakka andaðist bað Herdís, móðir síra Jóns hann fyrir 2 gamalmenni, sem lengi höfðu verið hjá þeim hjónunum og hún vildi ekki segja til sveitar. Þau fóru bæði að Undirfelli. Gamli maðurinn var dáinn á undan síra Jóni, en gömlu konuna flutti ekkja hans með sjer að Auðólfsstöðum og annaðist hana til dauðadags.

Síðasti veturinn sem síra Jón lifði (1858–59) var svo mikill snjóavetur, að elstu menn muna ekki slíkan. Var það næsti vetur eftir niðurskurðinn mikla

Leituðu þá nokkrir Skagfirðingar til hans og báðu hann að bjarga einhverju af skepnum sínum frá felli. Varð hann við bón þeirra og kvað það verða síðustu bónina, er hann gerði fyrir aðra. Ráku þessir Skagfirðingar margt fje vestur að Undirfelli og var það fóðrað þar. Síðan seldu þeir fjeð á uppboði um vorið, því að ekki mátti reka nokkra sauðkind upp fyrir Blöndu vegna fjárkláðans. Fyrir þá hjálp þáði hann enga borgun.

Það, sem hjer er sagt frá síra Jóni Eiríkssyni er tekið eftir frásögn Margrjetar dóttur hans, ekkju frá Vesturhópshólum, sem enn lifir í Reykjavík. Kemur það vel heim við það, sem Benidikt Blöndal sagði mjer um búnaðar-framkvæmdir hans: „... hann hefði verið þar á undan öðrum og fljótur til framkvæmda, fjörmaður og bráður nokkuð.“ Brynjólfur Bogason lýsir síra Jóni svo í prestaæfum sínum: „Hann var starfsmaður mikill og góður búþegn, gestrisinn og bóngóður, en þótt hann væri ekki hald-inn lærður maður, var hann þó kallaður sæmi-legur ræðumaður, einkum til bænagerðar. Hann var maður vel látinn, bráðlyndur og sáttfús“. Margrjet dóttir hans segir það rjetta lýsingu það sem hún nær.

Framh.

Björn Sigfússon.



## Stofnun og starfsemi „Hjúkrunarfjelags Áshrepps.“

Þótt „Hjúkrunarfjelag Áshrepps“ sje enn þá ungur fjelagsskapur, er fróðlegt fyrir seinni tímann að búa í Ingimundi stutt ágrip af sögu þess og upphafi.

Fyrsti upphafsmaður að fjelagsstofnun þessari mun vera ungfrú Halldóra Bjarnadóttir frá Akureyri, þótt fjelagið sje nú með nokkuð öðru sniði, en hún hafði upphaflega stefnt að, þar sem hún vildi jafnframt hafa iðnfjelag í sambandi við það.

Fyrst kemur hjúkrunarfjelagsmálið til umræðu hjá nokkrum konum á fundi að Ási, 27. júní 1917. og var Halldóra þar málshefjandi. Á fundi þessum var þó engin föst ályktun tekin en boðað til almenns fundar í „Sjólarkinni“, sunnudaginn 1. júlí s. á., og má telja að það sje stofnfundur þessa fjelags. Á þessum sama fundi var undirritaður fjelagslisti af 28 konum og körlum og valin 3ja manna framkvæmdarstjórn til frekari

framkvæmda, og jafnframt ákveðið að leita samkomu-
lags við væntanlegt hjúkrunarfjelag í Sveinsstaða-
hreppi.

Sunnudaginn 2. júní 1918, var á sameiginlegum nefndarfundi beggja hreppsdeildanna, haldinn fundur að Undirfelli, og þar samþykt lagafrumvarp fyrir fjelögin.

Á aðalstofnfundi fjelagsins, 28. júlí 1918, var lagafrumvarp þetta samþykt óbreytt og fjelagið þar með löglega stofnað.

Á þessum misserum höfðu áskriftalistar farið milli sveitarmanna, og eru fjelagsmenn samkvæmt gerðabók fjelagsins fyrir árið 1918, alls 119, þar af 85 fullorðnir.

Á stofnfundi og síðar, var fjelaginu gefið af ýmsum kr. 18.50. Til inntekta fyrir fjelagið, var haldin hlutavelta að Hofi, sunnudaginn 21. júní 1918. Ágóði, er gekk til Hjúkrunarfjelags Áshrepps var kr. 84.81. Eignir fjelagsins í lok reikningsársins 1918-19, voru samtals kr.: 256.06.

Fjelagatal fyrir árið 1919 er 128. Eignir í lok reikningsársins kr. 623.33, þar af ágóði af hlutaveltu 17. júní 1920, kr. 216.45.

Árið 1920-21 eru fjelagsmenn samtals 113. Eignir



í lok reikningsársins kr. 695.17.

Árið 1921-22, eru fjelagsmenn alls 110. Eignir í lok reikningsársins nálægt 800 kr.

Formenn fjelagsins hafa verið:

Eggert Konráðsson Haukagili 1918-19.
Guðjón Hallgrímsson Hvammi 1919-21.
Ágúst B. Jónsson Hofi 1921 og síðan.

Af þessu stutta yfirliti sjest, að fjelag þetta hefir átt vinsældum að fagna frá upphafi, enda búið að sýna sig, að hjer er um svo þarfan fjelagsskap að ræða, sem markað hefir spor sín í framfara viðleitni þessara ára, og væri óskandi að sem flestir sæju nytsemi þess og gerðust stuðningsmenn og ættu hlutdeild í því að sanna málsháttinn: „Margar hendur vinna ljett verk.

26. jan. 1923.
Á. B. J.

# Eðlisþyngdin.

Flestir munu þekkja á hverju er bygð hin svokallaða eðlisþyngd. Um það hvernig hún fanst í fyrstu, er eftirfarandi saga:

Archemedes (dáinn 212 fr. Kr.) var síðustu árin í borginni Syrakús á Sikiley.

Á þeim árum, er Archemedes var í Syrakús ljet konungurinn þar eitt sinn smiði sína svo, gera sjer kórónu úr gulli og lætur afhenda þeim til smíðisins ákveðinn þunga af gulli.

Þegar smíðinni var lokið og afhent konungi, athugar hann kórónuna vandlega og álítur að í henni sje ekki hreint gull, það muni blandað ódýrari málmum, en + gullið ekki gengið alt til þess að smíða kórónuna.

Konungur lætur kalla Archemedes fyrir sig og skipar honum að sanna hvort gullið sje svikið í kórónunni eða ekki. Archemedes leitar lengi eftir að finna lausn þessa en finnur ekkert er sanni að kórónan sje svikin, en samt þykist hann viss um að svo muni vera.

Eitt sinn, er Archemedes ætlar að taka sjer



bað, er hann í þungum þönkum yfir þessu. Athugar hann ekki fyr en baðkerið er orðið alveg fult og rennur út úr því. Hrópar hann þá upp hið ógleymanlega orð: „Heureka!"[1] (það er: Fundið) Þá skildi Archemedes að vatnið, sem rann úr karinu væri jafnt að fyrirferð og líkami hans. Jafnskjótt sem hann hafði lokið við að baða sig, vóg hann kórónuna og jafna þyngd hennar af gulli. Væri nú óblandað gullið í henni, ætti hvortveggja að ryðja frá sjer jafn miklu af vatni. En reynslan varð sú að kórónan varð fyrirferðarmeiri og þar með sannað að + saman við gullið í henni hefði verið blandað ljettari málmi.

Eftir þetta hefir eðlisþyngdin verið talin í hlutföllum við vatnið. T.d. er gull 19 sinnum þyngra en jafnt rúmmál þess af vatni.

Á sinni tíð var Archemedes talinn „þúsund vjela smiður", og talið er að af uppgötvunum hans sjeu nú óbreyttar í notum um 80. Af þeim eru algengastar í notkun hjá okkur: „Eilífðarskrúfan" og „Eilífðarreimin" (þ.e. skrúfa eins og er í hesputrje) sem tekur snúningana og reim eða snúru, sem snýr sem snýr einu eða fleiri hjólum.

1) Heureka er lesið: Hevreka.

Ein af uppgötvunum Arkemedesar ber nafn hans, er það skrúfa, til þess að lyfta upp vatni.

Eggert Konráðsson

Þegar Pýþagóras hafði fundið hina alkunnu setningu sína um hliðar þríhyrningsins, færði hann guðunum hundrað nauta blót. Síðan skjálfa öll naut þegar ný sannindi eru leidd í ljós. Hundrað nautablót kölluðu Grikkir „Hekatombä“.

Þýtt. E. K.

# Mansöngur

Enn er gleði teint á hug
tilað þrekið dáða
mínum varla hálfum hug
hef jeg nú að ráða.

Ljóst jeg má af lífi og sál
linspöng eftir vona,
mig hefir eitt sinn ástarbál
áður snortið svona.

Enn þá mynd er unni jeg þá
og tilbað með sanni
hvarf sem vinda kyljan smá
knúin fram hjá manni.

Tölur oft jeg feldi tár
fanst við liggja máti
er jeg reri öngulsár
eftir lífs á báti.

Síst jeg varðist sjó og vind
sást þeir fleygð hrakið,
en nú hefir önnur meyjar mynd
mig til starfa vakið.

Haust er aftur höndin þreytt
horfin deifðin meina
því er upp í bátnum beitt
barning skal nú reyna

Veit jeg margur villur fer

viða er slitrótt gata
en vonargeisli veikur mjer
verður hjálp að rata.

Hörmakur.

## Nokkur orð um fræðslumál.

Í öðru tölublaði Sigmundar gamla, birtist smágrein með fyrirsögninni „Unglingafræðsla" eftir Togga. Með því að sumt í grein þessari er gagnstætt minni skoðun, vildi jeg biðja ritstjórann um rúm fyrir stutta athugasemd.

Greinarhöfundur hefir áður birt smágrein um barnafræðslu. Sýna greinar þessar að Toggi hefir áhuga á fræðslumálum, enda segir hann í fyrnefndri grein, að hann telji ekkert jafn þýðingarmikið og fræðslu barna og unglinga.

Þótt jeg viðurkenni með Togga að þetta hvortveggja sje næsta þýðingarmikið fyrir þjóðfjelagið verður samt sú skoðun ríkjandi hjá mjer að þýðing og framkvæmd slíkrar fræðslu, sje



meir undir uppeldismeðferð heimilanna komin, en barna og unglingaskólum. Það eru heimilin sjálf sem leggja grundvöllinn að framtíð unglinganna að svo miklu meira leyti en nokkrar mentastofnanir geta gert með alþýðu.

Til þess að heimilin geti leyst þetta hlutverk af hendi þarf þjóðin að ná meiri þroska og menningu, en völ hefir verið á, með því fyrirkomulagi, sem er á uppeldismálum þjóðarinnar. Um. það er ekki að villast að mínum dómi. En jeg vil fara aðrar leiðir en Toggi hefir bent á, þótt jeg telji auðvitað, að hann hafi bent á þá leið, er hann telur þýðingarmesta í þessu máli.

Aðalatriðið í grein hans er það, að hann telur nauðsynlegt að hafa barna og unglingaskóla í hverri sveit og unglingarnir sjeu skyldir að ganga á unglinga-skóla minsta kosti 2 vetur eftir barnaskólapróf. Um þetta atriði er jeg greinarhöf. alveg ósammála slíkt fræðslufyrirkomulag mundi alls ekki ná tilgangi sínum nema í kaupstöðum og sjóþorpum þar sem unglingar hafa lítið að starfa að vetrum eða geta haft kvöldskóla. Um unglingaskólaskyldu gæti alls ekki verið að ræða.

Fljótlega er auðsætt að unglingaskólaskylda á eftir

barnaskólaprófi yrði þjóðinni alt of dýrt, svo
að þjóðin gæti alls ekki risið undir slíkum út-
gjöldum, og má á það benda að slík kennarafjölg-
un sem af því leiddi, væri óeðlileg viðbót við
þann starfsmannafjölda ríkisins, sem nú er.
Auk þess yrðu slíkar skólastofnanir út um hverja
sveit of stór gjaldabyrði. — Tökum til samanburð-
ar farskóla fyrirkomulagið.

Í þriðja lagi má benda á að margir unglingar og
foreldrar þeirra hafa engin efni á að kosta slíka
til mentunar börnum sínum á þeim árum, sem
þau eru að komast á legg.

Við höfum það daglega ljósara að eftir fermingu
fara ýmsir unglingar að sjá fyrir sjer sjálfir. Með
áðurnefndu fyrirkomulagi væri fram-forslu tími
barna lengdur, sem svaraði tveim árum.
Myndi það ekki oft og einatt verða aukinn
þurfamannastyrkur, sem það útheimti?

Þá má benda á eitt. Hversu margir eru þeir
ekki, sem hafa það lítil not af skólamentun
vegna vöntunar á námsgáfum, eða af öðrum
ástæðum, að þeim er best að vera sjálfráðum í
því efni. Með miklum fjölda og unglinga er
ekki tímabært að ganga í skóla, fyr en þeir



hafa náð meiri líkamlegum og andlegum þroska
en þessi 14 ára aldur hefir veitt þeim, og er betra
að bíða þess tíma, er þroski mannsins sýnir hon-
um hvert hugurinn stefnir í æfistarfi hans,
heldur en troða hann út á ónothæfri þekkingu á
unglingsárum.

Þá bendir Toggi á að framfarasjóðir líkl. í hverri
sveit — gætu orðið máli þessu til stuðnings. Þetta
má vel vera rjett, ef slíkir sjóðir hefðu mikið fje
En eftir mælikvarða okkar tíma og fjármagni, eru
slíkar bollaleggingar meira hugmyndaflug en fram-
kvæmdir.

Á síðustu tveim áratugum hefir fræðslufyrir-
komulagi þjóðarinnar verið gjörbreytt, alt frá
barnafræðslu til æðstumentastofnana, og nú að
síðustu varið stórfje til mentunar landsins
barna, þótti mjer eigi ólíklegt að það væri til-
tölulega hæst hjá Íslendingum, miðað við fjár-
magn og fólksfjölda. Nýja kynslóðin er líka á einu
máli með að til uppeldis þjóðarinnar beri að
vanda, en þá er líka áríðandi að því fje sje vel var-
ið, er til þess gengur, svo að þetta nái tilgangi sínum
Eftir minni skoðun er langt frá að svo sje - og
líklega er jafnlangt frá - sje mælt á sama mæli-

hvaða - að mínar hugmyndir sjeu þær er til bóta geti talist - að minsta kosti fyndist mjer óviðeigandi að fullyrða það, þó vildi jeg leyfa mjer að benda á nokkrar breytingar, sem að mínum dómi yrðu til bóta.

Út um sveitir landsins, er barnafræðslan nokkuð lausum böndum bundin, þó mun algengast far-skólafyrirkomulagið, eða þá eftirlitskensla, sem sum-staðar mun notuð. Að mínu áliti hefir það verið misráðið, þá fræðslulögin voru samin að gera börn skólaskyld 10 ára. Tel nægilegt að skólaskyld-an sje 2 vetur, á aldrinum 13-14 ára, en heimilum sje lögð meiri skylda á herðar fram að þeim tíma, og þá ætti það að vera skyldustarf barna-kennaranna að leiðbeina í þeim efnum ~~og~~ hafa eftirlit með framkvæmdum.

Við þekkjum til þess að börn, sem byrjað hafa skólagöngu 10 ára hafa verið látin taka burt-fararpróf úr barnaskóla, jafnvel innan við 13 ára aldur. Þetta álít jeg alveg misráðið og ætti altaf að láta börn taka fullnaðarpróf eða um ferminguna. Okkur er það vel ljóst að börn hafa námsins langmest not á aldrinum 13-14 ára og ætti því að leggja áherslu á að sá



tími notaðist, en gera undanþágu með skólaskyldu yngri barna frekar en áður er bent á. Fyrirkomu-lag kenslunnar yrði vitanlega að vera í sam-bandi við þessar uppástungur, og skal jeg taka það fram, að í jafn stuttu máli sem þessu, er ekki hægt að rekja það.

Til frekari alþýðumentunar þurfum við svo góða lýðskóla er taki sameiginlega pilta og stúlkur til til náms. Skólatími til burtfararprófs 1-3 vetur eftir þroska og undirbúningi nemenda. Auk venju-legra kenslugreina þyrftu þessir skólar að veita sjerkenslu: Piltum íþróttir, smíðar o. fl., stúlkum allmikla kenslu í húsmóðurstörfum, s. s. matar-gerð og fatnaðar.

Þeir, sem svo vildu halda áfram námi, gætu þá valið um ýmsa sjerskóla, en ættu að standa í sam-bandi við lýðskólana, og þeir skólar ættu að leggja sem mesta áherslu á sjernámið. Með þessu fyrir-komulagi yrði meiri festa í skólagöngu fólks en nú er, og leiðin ekki eins oft liggja eftir at-vikum og hendingu einni.

Jeg tel nóg að hafa einn lýðskólann í hverjum landsfjórðungi, til að byrja með, en umfram alt að ráða til þeirra góða kenslukrafta og hafa fyrirkomulag þeirra ódýrt

eftir föngum.

Eftir ýmsum staðháttum geta unglingaskólar átt vel við og komið að góðum notum, enda er áður vikið að því í grein þessari, en um skólaskyldu á slíka skóla, álít jeg alls ekki vera að ræða. Heilladrýgsta mentunin önnur en sjálffræðsla er að leita ekki þeirra fjársjóða, fyr en nokkur þroski og reynsla er fengin, og þeir einir leiti þess, er finna einhverja köllun hjá sjer til þess.

Á. B. J.

## Vísuhelmingur

Ingimundi var sendur eftir farandi vísuhluti og menn beðnir að botna:

Öllum styttist leiðin löng
lífsins það er máti.



## Samanburður

Á síðasta málfundi drap Rúnólfur á Kornsá á það í ræðu sinni, að fjelagsskapur okkar væri kominn á hála braut, svo að ekki veitti af að reka neðan í okkur brodda, til þess að verjast falli. Taldi hann meðal annars að nú væru farnar að birtast greinar í Ingimundi gamla, sem varla gæti orðið okkur til sóma framvegis. Hefir háttvirtur fundarmaður sennilega átt þar við greinar þeirra Sigurðar Þorsteinssonar og Mána.

Svo virðist sem áminstar greinar hafi misboðið sómatilfinningu einstakra manna og með miklum vandlætingarsvip hafa þeir dæmt þær og ljettvægar fundið.

Jeg ætla ekki að leggja dóm á útsmeði þessa, nje hvað einstaklingnum eða fjelagsskapnum í heild sinni er til sóma, það má lengi deila um slíkt, en á þeim sama fundi og grein Mána birtist, ljetu margir þá skoðun sína í ljósi að greinin væri aðeins meinlaust skop, sem ástæðulaust væri að reiðast af, auðsjáanlega skrifuð í þeim tilgangi að láta hlæja að og krydda hið þungmelta sálarfóður sem Ingimundur virðist vera

mjög ábyrgur af. Runólfur var ekki á þessum fundi, gat þess vegna ekki komið dómgreind sinni að strax, var það leitt, einkum vegna Sigurðar á Eyjólfsstöðum, er stóð einn uppi, til með það að ausa ritstjórann ónotum og skellum fyrir að birta greinina.

Tel jeg nú staðar numið við þetta atriði hefi aðeins bent R. á álit fjelagsmanna viðvíkjandi grein þessari.

Vildi jeg þá lítillega minnast á svargrein Sigurðar.

Jeg geri ráð fyrir að dómnefndin hefði ekki leyft sjer að birta jafnlanga grein og hann setti í síðasta blað Ingimundar gamla, ef nefndin hefði ekki álitið hana jafn meinlausa og hina og þó aldrei nema ~~at~~ henni hefði fundist grein S. Þ. harðorðari og meir persónuleg atriði þá hefir hún sýnt það með því að láta greinina koma fyrir almennings sjónir, að þess konar greinar áliti hún blaðinu ekki til vansæmdar.

Mjer fanst það óviðeigandi fyrir Runólf að gera þessa athugasemd, því að jeg man ekki betur en þegar hann sjálfur var í rit-



nefnd blaðsins og átti að dæma um vafagreinar sem kynnu að sendast blaðinu, að hann skrifaði þá allsvæsna grein um Guðjón í Hvammi. Hafði G. þó ekki annað til saka unnið, en að hann svaraði með nokkrum hógværum orðum grein eftir R. B. um Pjetur heitinn ráðherra-grein, sem margir töldu mjög óviðeigandi og betur óskrifaða. Að lokum vil jeg með leyfi eins dómnefndarmannsins, birta þau ummæli hans, að hann teldi grein Runólfs um Guðjón í Hvammi, langtum persónulegri og verri til birtingar en t.d. greinina eftir Mána. Tel jeg víst, að hefði sú grein borist Ingimundi gamla nú, hefði hún verið gerð rek til baka með fyrstu ferð, og höf. beðinn að laga orðalag sumra setninga þar. Tek t.d. þessi orð (útskrift úr Ingimundi gamla): „Hvað gerst hefir í baktjaldamakki, skal jeg alveg eftirláta G. H. að skipa frá, þar mun hann vera á rjettri hillu". Dæmdis falleg klausa, og ekki undarlegt þótt Ingimundur þrífist vel af slíku. Skyldi höf. annars hafa reiknað þetta eftir fordæmi!

R. B. naut þess í þetta skifti, að hann átti

sjálfur að fara yfir greinarnar með ritstjóra voru um einhver vafaatriði að ræða. Kemur það sjer stundum vel að vera dómari í sínum eigin málum.

Eftir að hafa gert þenna samanburð finn jeg enga ástæðu að taka undir þau orð háttvirts fundarmanns, Runólfs á Hornsá að blaðið og aðstandendur þess sjeu fyrst nú komnir á þá hálu braut, sem vert gæti sóma okkar framvegis.

Sk. J.

Athugasemd. Dómnefnd Ingimundar gamla greindi á um þessa framanskráðu grein. eftir Sk. J. Minni hluti nefndarinnar leit svo á að skrif þetta ætti ekkert erindi í blaðið, nema til þess eins-ef til-vill-að auka þras. Og þar eð umræddur fundarmaður (R. B.) hreyfði þessu atriði - er umræðir - á fundi; átti betur við - að áliti minni hluta nefndarinnar - að svara honum þá um leið ef þurfti.

Ritstjórinn.



## Athugasemd

Í sítasta tölublaði "Ingimundar gamla" birtist grein með yfirskriftinni: "Roð og skott" en undirskrift: "Skepnueigandi".

Grein þessa get jeg ekki verið að rekja lið fyrir lið, en svara einstöku atriðum úr henni.

Höf. greinar þessarar þykir jeg taka fullan munninn, þar sem jeg segi: "að margir þeir, sem teljast vilja sæmilega skynsamir og allvel mentaðir menn, láti sig litlu skifta aðferðir við aflífun búfjár eða annara alidýra". Þetta var ekki sagt út í bláinn. 3 samanleg dæmi tilfærði jeg, en persónur nefni jeg ekki með nöfnum, en geta má þess, að við versta og níðingslegasta dæmið sem jeg gat um, var riðinn mjög vel skynsamur maður, vel lesinn og athugull.

Mörg dæmi mætti nefna, en þess gerðist ekki þörf, er höf. áminstrar greinar það fullljóst hvað meðlíðun manna alment við aflífun skepna er mikil.

Höf. álítur ekki hægt að krefjast þess alt í einu að hætta við gömlu aðferðirnar án laga og eftirlits, en vill láta það breytast smátt og

smátt með tímanum og aukinni menningu
Byssuna telur hann einnig hættulegan grip við
aflífun.

Hjer þarf einskis að krefjast annars en
þess, er lögin bjóða. Þau bjóða öllum aflífun dýra
með skoti eða rotun með helgrímu og liggja sektir
við ef frá er vikið. Hvað snertir eftirlitið, þá
á það að vera með lögum um land alt og er
en misjafnlega rækt, en eftir þessum lögum
lítur höf. hjer í sveit, sem hefir svo glögt
sjeð misþyrmingu fuglanna og þeirra verndun-
ar-laga ásamt fleirum, sem hafa skarpa sjón
á þeim hlutum.

Hvað skyldi höf. vilja láta menninguna hefjast
hátt, til þess að samkend með dýrum nái því
sem kalla má forsvaranlegt, hvað snertir aflífun
þeirra. Það mentunarhámark hefst ekki fyren
við erum komnir í jörðu niður.

Satt er það að byssan er hættulegur gripur
en höf. hefir í tvö haust starfað á sláturhús-
um þar sem aflífað hefir verið með skoti og
því getað sjeð, að ef gætilega er með farið, er það
ekki hættumikið. Og hví skyldu menn hræðast
frekar byssuna við aflífun búpenings, en fugla



og refa? Hversu margir voru þeir ekki, sem notuðu
byssu meðan rjúpan var mest skotin? En í þá
hættu, er höf. nefnir af byssunni, ganga menn að-
eins fyrir peninga.

Höf. finst samúð mín með dýrunum tak-
mörkuð, þar sem jeg játi að hafa að engu fugla-
friðunarlögin og aðfinslur.

Þetta eru óþörf ósannindi hjá höf. Hvergi
hefi jeg gefið slíka játningu í grein minni
um aflífun, því síður honum persónulega.
Vísa jeg því þessum ummælum heim til föðurins.
Að endingu óska jeg eftir, að bæði þessi höf. og aðrir
sem kunna að svara greinum mínum hjer eftir
hafi svör sín ómenguð af ósannindum, annars
getur höf. þessi búist við að greinar hans verði
álitnar ekki síður hættulegar, en byssan lífi
og limum þeirra sem með hana fara.

Þriti.

## Slaka

Minning á jeg marga í sjóð
minna er veitt af seimi.
Það er á við öl og fljóð
ekki neitt í heimi.

Björn Blöndal.

# Athugasemd á athugasemd ofan.

Mannskepnan hann „Þriði" hefir fundið sig skyldugan til að áminna mig með nokkrum blekslettum útaf greinarkorni mínu í „Ingimundi gamla" - „Rot og skot".

Umvöndunarhjal þetta kallar hann „athugasemd".

Í upphafi máls síns setur höf. á sig spekingsandlit og þykist ekki geta farið að rekja grein mína lið fyrir lið, en þó fara svo leikar að hann kemur með flest höfuðatriði úr greininni og útúrsnúninga á sumum þeirra. En af því að það er ekki ætlun mín að fara að munnhöggvast við mann þenna, þá ætla jeg aðeins að leggja fyrir hann þessar eftirfarandi spurningar:

1. Hver eru hin þrjú sannanlegu dæmi, sem Þriði segist hafa tilfært í grein sinni: „Aflífun húsdýra", því til sönnunar, að mörgum standi á sama um það, hvernig dýrin sjeu aflífuð?
2. Hvar og hvenær eru gefin út þau lög, sem bjóða afdráttarlaust að skjóta eða rota með helgrímu?



3. Hvenær hefi jeg verið skipaður eftirlitsmaður með dýraverndunarlögunum hjer í sveit?
4. Er venjulegt að halda í refi og rjúpur, meðan þau eru skotin? Væri svo þá mundi höf. athugasemdarinnar eyða nokkrum skotum á ári, ef aðrir heldu refi eða rjúpur, að byssuhlaupinu hjá honum, því að ekki er að heyra að hann sje hræddur við að hleypa af.
5. Hafa ekki viljað til slys af skoti á sláturhúsum (þó ekki hafi verið þar) sem jeg hefi unnið á?

Að endingu skal jeg taka það fram að þótt Þriða þóknist ekki að skilja sjálfan sig svo vel, að hann viti hvaða merking felst í orðum ~~hans~~ sínum, þá get jeg með fullri einurð sagt þeim góða manni það, að hann þurfi alls ekki að gefa mjer neina játningu í Ingimundi gamla um brot sín á fuglafriðunarlögunum, því að mjer voru þau full kunn áður. Og þori jeg óhræddur að vega salt á móti Þriða, þar sem þunginn miðast við sannleiksgildi ritsmíða okkar beggja.

Bjarni Jónasson.

## Gamanvísa.

Málefnanna rekja rás
röksemdin ei dottar
vega saman salt á ás
sannleiks píslarvottar.

Ritstjóri: Kristján Sigurðsson.

5. blað | Sunnudaginn 25. Mars, 1923. | IV ár

## Ýmsir merkismenn í Vatnsdal.

Framhald.

III. Guðrún Þorsteinsdóttir
er fædd 1810 á Grund í Vesturhópi, þar sem Þorsteinn faðir hennar bjó. Hann var gildur bóndi, smiður góður og ljúfmenni, eins og ráða má af vísu er um hann var kveðin, en hún er þannig:

Þorsteinn smíðar þar á Grund,
byggir víða hrósið.
Áfram líður alla stund,
eins og blíða ljósið.

Guðrún bar með sjer alla æfi menjar góðs uppeldis. Hún var fríðleiks kona, stillt í lund og prúð í framgöngu.

Við alla búsýslu var hún áhugamikil, og stjórnsemi hennar viðbrugðið, enda reyndi mjög á það, þar sem hún varð þrisvar sinnum ekkja. Orð fór af því að hún hjeldi fólki sínu fast til vinnu — eins og þá var títt víða — en hún hlýtur að hafa gert það með nærgætni og lagi, því ávalt var hún mjög hjúasæl, og hafði löngum sama fólkið ár eftir ár. Hún var jafnan hlýleg í viðmóti og glaðleg — og einkennilegt var það hvernig fólkið sem hún umgekkst mótaðist af henni. Kom það einkum skýrt í ljós á börnum hennar sem öll urðu óvenjulega glaðvær, en þó hin prúðmannlegustu; sami blærinn bar líka á fósturdætrum hennar, og jafnvel hjúum sem lengst voru hjá henni.

Guðrún giftist í fyrsta sinn Eggert Jóns-



syni, er átti Þóreyjarnúp, hann var mesti myndarmaður. Þar bjuggu þau allengi og áttu 10 börn, dóu 7 þeirra í æsku, en hin sem upp komust voru Þorsteinn, er aldrei skyldi við móður sína Ingibjörg er giftist sjera Jónasi Björnssyni á Ríp, og síðar sjera Jóni Þorlákssyni á Tjörn og Eggert sem giftist Halldóru Runólfsdóttir frá Skógtjörn; hann varð bóndi í Vatnahverfi og hafði fengið þá jörð í arf.

Eggert mann sinn misti Guðrún á Þóreyjarnúpi en giftist þar eftir Stefáni smið Jónssyni prests frá Goðdölum og eignuðust þau 2 börn er dóu í æsku.

Vorið 1852 fluttu þau hjón að Grímstungu. Á því ári dó Stefán, en hún hjelt áfram búskap með börnum sínum til 1867. að hún giftist í þriðja sinn Jóni ríka á Haukagili Skúlasyni stúdents frá Stóruborg. Jón var talinn mesti auðmaður í Húnavatnssýslu á þeim tíma, átti hann margar jarðir hjer í sýslu og jafnvel norður í Skagafirði. Jón var sæmdarmaður og vel látinn, aldrei var hann talinn eftirgangssamur við landseta sína — þó hann væri auðsæll

heldur hinn mildasti, - til marks um það
sagði mjer maður sem hjá honum var á
Haukagili, að stundum hefði komið fyrir að
landskuldargemlingar hefðu verið svo magrir að
sjeð hefði á mætti þeirra; Jón hefði ekki
fengist um það en sagt: "Þeir lifa karlinn
minn [það var orðtak hans] ef þeir komast
suður í gilið," og honum varð oftast að því.
Lítið man Jón hafa gert að jarða- eða húsa-
bótum sem ekki var heldur títt á þeim tíma
Hann fluttist að Grímstungu þegar hann gift-
ist Guðrúnu, en notaði með hálft Haukagil
og Gilhaga, voru þar landkostir en betri en í
Grímstungu. Var bú þeirra Guðrúnar svo stórt
að kunnugur maður sagði mjer að þau hefðu átt
250-300 sauði, og þegar landskuldargemlingar-
nir voru komnir heim að Grímstungu á vorin
hafi fjeð oft verið um 700 als.
Ekki naut Guðrún lengi samvista þriðja manns
síns; hann dó 1873. Búskap sínum í Gríms-
tungu hjelt hún þó áfram með Þorsteini syni
sínum til 1878, þá fluttu þau að Haukagili
þá jörð fjekk Guðrún í makaskiftum fyrir
Auðólfsstaði og Dæl, hjá Jóni stjúpsyni sínum



Þar bjó hún til 1882, að hún fluttist að Tjörn
til dóttur sinnar og tengdasonar og dó hjá þeim
4. nóv. 1885 eftir umsvifamikið og dáðríkt æfistarf.
Auk sinna eigin barna, hafði Guðrún alið upp
tvær systkina dætur sínar Guðrúnu Þorsteinsdóttir
er síðar bjó á Haukagili og Þorbjörgu Kristmunsdóttir
er giftist Jóni Ólafssyni á Sveinsstöðum og lifir
hún þar enn. Ingibjörgu Pálsdóttir Snæbjörnssonar
nú í Ameríku og Helgu Björnsdóttir sem enn lifir
ekkja í Reykjavík.
Allar þessar hjerlendu fósturdætur Guðrúnar þóttu
bera af öðrum konum er þær fóru að stjórna búum
fyrir sig, - fór þar saman dugnaður og reglusemi.
Hver sem litar yfir æfistarf þessarar konu hlýtur að
finna að hún hefir leyst af hendi meira en meðal-
mannsverk. Hún eignaðist sjálf 12 börn, elur upp
4 fósturbörn, með hinni mestu prýði eins og sín börn
Hún stjórnar stóru búi, síðari árin afar stóru
Verður fyrri hluta æfinnar að bæta á sig utanbæjarstjórn
eftir missir manna sinna, - og alt fer afburða vel
úr hendi, svo vel að efni hennar fara sífelt vax-
andi. Hún kjemur hjúum sínum og börnum
iðjusemi og siðprýði. - Í stuttu máli: Heimili hennar
verður líka fyrir þrifnað og fegurð - fyrirmyndar

Skóli einkum fyrir húsfreyjuefni. Og þrekið:
Hún verður fyrir þungum raunum, missir börnin
sín og mennina sína, en hún heldur jafnvægi
sálarinnar, missir aldrei kjarkinn og aldrei glaðlyndið
Hún var víst hraustbygð, en hún var líka trú kona
og það mun á raunastundunum – hafa orðið henni
besti styrkurinn. Hið góða uppeldi hennar sjálfrar
hefur verið undirstaðan. Eins og áður er sagt
tókst henni að móla börn sín, fósturbörn og
jafnvel hjú að þau báru þess menjar alla æfi.
Góðgerðasemi hennar kom ekki einungis fram
við fósturbörnin, heldur við fjölda fátæklinga
Meðan hún var í Grímstungu, var Grímstungu-
heiði fjölfarinn vegur og ferðamennirnir rómuðu
mjög gestrisni hennar og myndarskap á öllu
sem fram var reitt.
Þótt þessi mikilhæfa kona væri ekki að brjót-
ast í að ~~gera~~ láta jarðabætur og húsabætur, til þess
var verkahringur hennar of stór og þekking
hennar of lítil – má hiklaust telja hana
meðal þeirra bænda í Vatnsdal, sem best
hafa staðið í stöðu sinni.

Framhald.

Björn Sigfússon



# Breyting á fuglafriðunarlögunum.

Oft virðist sem við Íslendingar sjeum fremur
ólöghlýðnir, og er það ekki að ástæðulausu. Stafar það
sumpart af því að þjóðin er fastheldin við gaml-
ar venjur og einnig af því að lögin eru eigi
nógu vel úr garði gerð í upphafi. ~~[illegible]~~
En fyrir það er ekki hægt að afella neina löggjafa.
Stjórnartíðindi síðasta árs sýna furðumikið af
breytingum á lögum, og er það gleðilegur vottur
þess að lögin eru bætt eftir aukinni mentun
til blessunar fyrir menn og málleysingja.
Fuglafriðunarlögunum hefir verið breytt að nokkru
frá því sem þau voru í upphafi, en þó hefir
reynslan sýnt að þau hafa ekki náð tilgangi sínum
að öllu leiti eins og til var ætlast í fyrstu, og er
það illa farið. Hygg jeg að það sje að nokkru
leiti lögunum að kjenna, og vil jeg í fáum orðum
benda á hvernig hentugast mundi verða að breyta
þeim til batnaðar, athugað frá mínu sjónar-
miði. Okkar stærsti fugl, álftin er friðuð
alt árið, og hefir það verið gert vegna þess að
hætta hefir þótt á að hún eyðilegðist.
Þrátt fyrir það hefir hún talsvert verið

skotin á sumum stöðum. Laganna hefir
ekki verið nógu vel gjætt af fuglavinum, og
svo er sekt fyrir 2–3 fyrstu brotin svo
lág, aðeins 14.oo kr. að þetta borgar sig fyrir
skotmanninn.
Á vorin þegar ísa leysir, fer álftin frá sjó-
num til heiðanna, á þessu ferðalagi er hún
oft drepin, en það er þó hverfandi hjá því
sem síðari hluta sumars þegar hún er í sárum
á heiðunum, og sömuleiðis ungarnir þegar
þeir þykja nógu stórir.
Á vorin fyrst eftir að fuglar koma ganga menn
oft með byssur sínar til veiða, er þá ekki fundið
þó einstaka friðaður fugl fljóti með hjá veiðimann-
-inum, er þeim nokkur vorkunn, ekki síst ef þeir
fuglar eru stórir og verðmiklir.
Það sem jeg vil leggja til er að álftin sje ófriðuð
6–8 vikur, að vorinu, en hinn tíma ársins sje
sekt fyrir hvert brot 100,oo kr. en eggjatöku
25,oo kr.. Veiða hitt að allir fuglar sjeu friðaðir
yfir vor og sumartímann, en það hygg jeg að mörgum
þyki órjettlátt og ástæðulaust.
Jeg álít að álftum mundi fremur fjölga en
fækka ef hún væri ekki friðuð allt árið ekki síst
ef sekt fyrir hvert brot hinn tíma ársins væri
há eins og áður hefir verið drepið á.
Áður enn rjúpan fjell var hún friðuð nokkur af ár-
inu, þeim lögum var fylgt af fjölda skotmanna.
Þareinn er ófriðaður tíma af árinu, þá er hann mikið
veiddur, en hinn tíma ársins ekki neitt, síst þar
sem mest er af honum. Ætti hann yrði ekki veidd-
-ur á hvaða tíma sem væri ef hann væri alfriðaður.
Jeg vil biðja Þorgrímund fyrir þessar línur í þeirri
von að sem flestir láti til sín heyra um þetta
mál. Líklega verða fáir ofanritaðu samdóma, en
það er ekki meginmál málsins, heldur að þetta mál
verði rækilega athugað frá öllum hliðum, og ætti mál-
fundafjelaginu að vera það hægt. Dýraverndun
og löghlýðni ætti að vera ofarlega á stefnuskrá
þess. Ritað í Marz 1923.

Af Togga.

## Staka.

Málefnanna rekjarás,
reynist ekki friður.
Hefir bilað „ballans“ás,
báðir duttu niður.
(aula – Bárður.)

## Þú og jeg

Sem guð jeg sveif um gæða heim
í gleði og sönnum frið.
En þú varst dropi í djöfla sjó,
með dauðann þjer við hlið.

Um víðan himin sólar sé,
jeg sá þig hraða för.
Enn jeg var bara brotið strá,
sem beygðu lífsins kjör.

Á sumardegi sá jeg þig,
með sigurbros á vör.
En jeg var nakið betli barn,
með bilað æsku fjör

Um vetrarnótt jeg vissi þig.
sem vantar ljós og yl.
En jeg var lítið klaka korn,
sem kastast jarðar til

Sem bara þú gekkst um grýtta jörð,
er grjet og bað um mat.



Þá var jeg fugl með fjaðra skraut,
en flogið ekki gat.

Jeg sá þig enn með særða lund,
og sundurmarið hold.
En jeg var aðeins lítið lauf,
sem lá í blautri mold.

Jeg sit hjá þjer um sólarlag,
við saman eigum bú.
Og þú ert fegur jafn og jeg—
þvi jeg er sjálfur þú.

Ingvar halti.

## Staka.

Glitrar döggi grænum lund,
gellur spói í heiði.
Vaknar alt af værum blund,
vaggar blærinn meiði.

Bárður.

# Þráðurinn ofanað.
eftir
## Jóhannes Jörgensen.

Það var yndislegur septembermorgunn.
Öll ~~náttúran~~ engi glitruðu af dögg.
Gegnum heiðan himinblámann spann
sólin sitt gullna hár. Það kom langt að
og ætlaði langt.
Eitt af þessum gullnu hárum staðnam-
dist í trjákrónu einni og loftfarinn-
mögul kongulóin, yfirgaf þetta loftfarið
sitt, til þess að fá fast land undir fótum,
þar sem trjálaufið var.
En hún var þá ekki ánægð með þennan stað
og í skjótri svipan spann hún ~~þyrni~~girðinga
nýjan þráð og rendi sjer ofan á stóra þyrni-
girðingu. Þyrnarnir á girðingunni stóðu í allar
áttir og það var svo einstaklega þægilegt að
vefa á milli þeirra.
Kongulóin byrjaði að spinna, og ljet þráð-
inn ofanað halda í efsta hornið á vefnum,
svo hann bar í raun og veru allan vefinn.
Þetta var stór og fallegur vefur, dálítið



einkennilegur. Það var ekki ólíkt því sem
hann lægi í lausu lofti, því það var naumast
hægt að sjá að nokkuð hjeldi honum uppi.
Það þarf góða sjón til að taka eftir
mjög fíngerðum kongulóarvefsþræði.
Dagarnir liðu, einn af öðrum. Það var
farin að verða lítil flugnaveiðin og kongu-
lóin var neydd til að spinna meira, svo
vefurinn yrði stærri og meira veiddist.
Og blessaður veri þráðurinn ofanað fyrir
að þessi þá stækkun lánaðist framar öllum
vonum.
Kongulóin stækkaði nú vefinn meir og
meir til allra hliða. Og þegar hann um
vota októbermorgna, var fullur af glitrandi
daggdropum, leit hann út sem perlulögð slæða.
Kongulóin var líka hreikin af verkum
sínum. Henni fanst hún, þetta litla kríli,
sem hafði komið sígandi á einum einasta
þræði, og svo að segja ekkert átti nema
spunavörtuna. Nú var hún stór og
vel efnuð kongulló, sem átti stærsta vef-
inn á allri girðingunni.
En einn morgun vaknaði hún í óvenjulega

vondu skapi. Um nóttina hafði frosið dálítið; enginn sólskinsblett var að sjá, og engin fluga suðaði nú framar.

Kongulóin sat svöng og yðjulaus allan þennan langa og skuggalega haustdag. En til þess að eyða tímanum einhvernveginn gekk hún fram og aftur um vefinn, að sjá, ef eitthvað kynni að þurfa viðgerðar. Hún kippti í hverja taug, til þess að vita hvort alt væri trygt. En þó hún gæti engin missmíði fundið, var hún samt óumræðilega fyld.

En efsti hluti vefsins var festur við einhvern þráð, sem hún þekti als ekki. Allir aðrir þræðir gengu annaðhvort frá honum eða til hans. Kongulóin skoðaði hvern þyrnir sem þeir voru festir við, en þessi áskiljanlegi þráður kom ekki frá neinum þeirra.

Það var ekki hægt að sjá annað enn hann kjæmi eitthvað utanúr tómanum geimnum; Kongulóin stóð á afturfótunum, og rýndi út í loftið, með mögru augunum sínum, en henni var ómögulegt að sjá hvaðan þráðurinn kom. Það var engu líkara en hann hefði upptök sín í skýjunum



Kongulóin var því ómurlegri í skapi, sem hún stárði lengur á þetta árangurslaust.

Hún mundi als ekki, að einu sinni á heiðum septembermorgni, hafði hún komið eftir þessum þræði. Hún mundi heldur ekki eftir því gagni sem þráðurinn hafði gert henni, þegar hún óf vefinn, og síðar er hún stækkaði hann.

Kongulóin hafði gleymt því öllu. Hún sá aðeins að hjer var óþarfur þráður, sem ekki kom frá neinum skynsamlegum stað, en lá bara út í auðan geiminn.

„Burt með þig“ sagði kongulóin, og hún beit í þráðinn svo hann slitnaði í sundur.

Í sama bili slaknaði vefurinn, og alt þetta listasmíði fjell saman. En þegar kongulóin raknaði úr rotinu, lá hún milli þyrnanna í girðingunni, en vefurinn var eins og blaut drusla um höfuð hennar.

Í einu vetfangi hafði hún spilt allri þessari dýrð — af því hún þekti ekki þráðinn ofanað.

Geir Gígja.

(þýddi lauslega)

# Eftirhreyta.

Í fyrsta tölublaði Ingimundar gamla í ár er grein með fyrirsögninni „trjágarðar“ Þar er sagt að besti staðurinn til trjá-ræktar hjer í sveit sje í Forsæludalslandi og þar megi rækta allar samskonar trjá-tegundir og á suðurlandi, þetta vil jeg skíra með fáum orðum.

Vegna legu dalsins nær okkar versta og harðasta átt, norðanáttinn aldrei fram að Forsæludal. Þó hríð sje framað Múla og fram fyrir Grímstungu þá er oft logn og besta veður fram í Forsæludal.

Á útmánuðum þá norðankuldi er út í dal-num, er jafnvel hiti og sólbráð fram í dals-botni. Þessi mikli munur hefir mikla þýð-ingu fyrir skógrækt einkum nýgræðing

Skógur þrífst best í dalabotnunum sem lengst frá sjó, þar er sumarhitinn mestur, sjórinn nær ekki að jafna þar loftslagið, eins og með ströndinni.

Snjór og kuldi gera skógunum ekki mik-ið til ef veðráttan er jöfn. Vetrarblotar eru hættulegir skógunum. Á suðurlandi eru góðir



blotar tíðir síðari hluta vetrar, þá fara skógarnir stundum að springa út, svo kjemur kuldakast og nýgræðingurinn kelur, þess vegna eru betri skilyrði fyrir skóga á norðurlandi, en aftur er sprettutíminn lengri á suðurlandi.

Jarðvegur hefir ekki verið rannsakaður í F.dal en hann þarf engirm að óttast, endamá altaf bæta hann. Efnafræðislega er samskonar jarðvegur alstaðar á Íslandi. (moldin ~~oft~~ nefnist „Löss“). Skógur þrífst illa í Löss-jarðvegi. Þó virðist vera undantekning frá því hjer á landi, það gerir að moldin er grófgerðari en annarstaðar, þar sem samskonar jarðvegur er.

Hjer læt jeg staðarnumið það var ekki ætlan mín að rita skógfræðislega um málið. Það hefði orðið of langt og að mestu endur-tekning á því sem áður hefir verið ritað um skógrækt.

Jeg vildi aðeins vekja athygli manna á þessu þarfa máli, ætlaðist til að sjer meiri ~~þar~~ menn mundu þá frekar knýja það áfram, fyrst með því að fá almenning til að skilja hversu mikla þýðingu það hefði fyrir framtíð-ina; og síðar að fá skógfræðing til að athuga

hvar best væri að byrja skógrækt hjer í dalnum, með tilliti til veðráttunnar, því alt er best með forsjá.

Heill framförunum og menningunni! —

Toggi.

## Stökur.

Hanna jeg þrátt hvað horfið er,
hugann alt það getur.
Gleður fátt sem fyrir ber,
fara mættu vetur.

Vetrarkjóli varpa um síð,
vellir, hólar, drangur.
Lifnar fjóla, laufgast hlíð,
lengist sólargangur.

Að því rekur alt sem má
yfirþekur vorið.
Sólin lekur svipbjört, hjá,
sveinum vekja þorið.



Dvínar angur alt sem kól,
átti langa pínu.
Blítt á vanga vermir sól
vor í fangi þínu.

Bragi.

## Smælki.

Orka vinstri handar er talin að vera 91–96% — af orku hægri handar.

Dr. Ernst, hefir fundið við rannsókná skólabörnum, að 3,7% af drengjum og 4,8% af stúlkum eru örfhent.

Á spítala einum voru gerðar rannsóknir á 1000 karlmönnum, og jafnmörgum konum og kom það þá í ljós að 85 voru örfhent, þar af 57 karlmenn, en 28 konur.

Í búastríðinu seldi landgreifinn af Hassen Englendingum 15 þúsund manna fyrir 1000 dali hvern, til að berjast undir merkjum Englendinga vestan hafs.

Það hefir verið reiknað út að hinn svokallaði vopnum varði friður mundi kosta norðurálfuna um 12 miljarða á ári. (Einn miljarð er 1000000000 kr. —

## Til athugunar.

Þar sem ákveðið er að ræða um Ingimund gamla og starfsemi hans á næsta málfundi; og mjer er ekki grunlaust um að sumir málfundarfjelagsmenn vilji breyta fyrirkomulagi blaðsins að einhverju leiti frá því sem upphaflega var til ætlast.

Jeg hef litið svo á að meining málfundarfjelagsins þegar blaðið var stofnað hafi verið sú að það væri fjelagsmönnum til skemtunar og fróðleiks, en ekki sem málgagn þeirra manna sem virðast þurfa að svala reiðiþorsta sínum á náunganum.

Jeg vil benda mönnum á að æskilegra væri að blaðið gæti í framtíðinni borið merki góðs og samtaka fjelagsskapar, en ekki hins gagnstæða.

Málfundarfjelagsmaður.

---

Ritstjóri: Kristján Sigurðsson

---

## Ýmsir merkismenn í Vatnsdal.

### IV. Þorsteinn Eggertsson

og Guðrúnar, er síðast hefir verið sagt frá er fæddur á Þóreyjarnúpi
Sonarsona bar á því að hann líktist móður sinni. Hann var fríður sýnum og þriklegur

á velli, verknaður góður, smiður og hagsýnn við öll störf, fjörmaður og glaðvær, drenglyndur og vinsæll. – Hann var víðsýnni og áhugasamari um ýms framfaramál en þá var títt. Hefir það sjálfsagt meðfram stafað af því að hann var bókhneigður og las mikið, og þótt að hann væri ekki til menta settur, varð hann allvel sjálfsmentaður af lestri góðra bóka. Hann mun hafa verið aðal frumkvöðull að stofnun lestrarfjelags í Áshreppi, sem gerði mikið gagn meðan það stóð.

Þegar verslunarfjelagið við Húnaflóa var stofnað 1869, tók hann strax þátt í því með lífi og sál, og varð einn af fulltrúum þess. Hjelt hann því starfi til enda. Sjálfur lagði hann 7 hluti í fjelagið, Ingibjörg systir hans 2 hluti og móðir þeirra 20 hluti. Hver hlutur var 50 kr. Var þetta langhæsta hlutatalan á öllu fjelagssvæðinu frá einu bóndaheimili.

Á Stóruborgarfundinum mikla í febrúarmánuði 1875, þegar verslunarfjelaginu var skift í tvo hluti var hann einn af þremur fulltrúum fyrir Áshrepp. (Hinir Benid. G. Blönd.



og sá er þetta ritar.) Er mjer minnisstæður áhugi hans þá, fyrir heill fjelagsins og framhaldi þess.

Vorið 1875 var stofnað til hlutaveltu á sumardaginn fyrsta í Ási í Vatnsdal, til þess að safna fje í Kvennamentunarsjóð Undirfells og Grímstungusóknar. Átti hann mikilsverðan þátt í þessari sjóðstofnun, og gerðist fjehirðir sjóðsins meðan hann lifði. Sýndi hann við það eins og önnur opinber störf – ósjerplægni, áhuga og reglusemi.

Þegar jeg kom í Vatnsdal 1873, heyrði jeg um það talað svo sem einhvern undarlegan hlut að þessi fríði og velgefni maður væri seinn til þess að staðfesta ráð sitt. Mátti segja um hann líkt og segir í Vatnsdælu um Ingólf, sonarson Ingimundar gamla:

„Allar vildu meyjar
með Ingólfi ganga
þær er vaxnar váru"

og mælt var það að Vatnsdalsmeyjum litist vel á manninn. Þar kom þó að þorsteinn festi ráð sitt. Giftist hann vorið 18 Halldóru Pjetursdóttur frá Valadal eins og segir í brúðkaupskvæði, er þeim

var flutt:

Sú kona ekki í djúpum dölum
nam dafna, sem þann veiddi hal.
Hún óx í fjalla vænum sölum
í Valadal.
Hann valdi þá sem vildu fleiri
velja af yngismanna sveit
Já, það var gæfumunur meiri
en margur veit.—

Eftir að Þorsteinn giftist, var talið að hann ætti búið með móður sinni, þótt saman stæði sem eitt og hún hefði á hendi bússtjórn sem áður.

Eins og getið er í næsta þætti á undan, flutti Þorsteinn með móður sinni að Haukagili 1878 Þar tók hann strax til starfa, byggði tvær hlöður og nokkuð af fjenaðarhúsum. Byrjaði að girða túnið með grjótgarði og auka það út, byggja kálgarða o. fl. og var all stórvirkur. Vænta menn hins besta af honum á þessu sviði sem öðrum. — En þá kom dauðinn. — Þorsteinn sýktist á ferðalagi af blóðeitrun, komst þó heim en lá skamma stund og dó 29. ágúst 1881. Enginn mun sá hafa verið í Vatnsdal, er ekki



harmaði fráfall hans og þótti höggvið djúpt skarð í bændaflokk Vatnsdala:

„Deyr fje — deyja frændur —
deyr sjálfr. et sama
en orðstírr deyr aldregi
hveim sjer góðan getr.“

Þau Þorsteinn og kona hans höfðu eignast 2 dætur sem enn lifa.

Eftir dauða manns síns undi Halldóra ekki í Vatnsdal, en fluttist vorið eftir til foreldra sinna í Skagafirði. Lengi á eftir fanst oss Vatnsdælum dalurinn drúpa eftir missi þessa fálks Þetta er úr Ljóði, er Halldóru var afhent við burtför hennar úr Vatnsdal:

„Þú komst með gleði, gleði naustu hjer
því gefin varstu okkar besta halnum
en hjeðan aftur hrygg og mædd þú fer
við hörmum ykkur líka sárt úr dalnum.
Stutt er gleðin stutt er reynslutíð
ef stefnum vjer til ljóssins björtu heima
og lítum aftur yfir endað stríð,
en endurminning viðkvæm hjörtum geyma“.

Halldóra var góð kona og gerfileg, eins og hún átti ætt til. Nokkru síðar giftist hún Ólafi

alþingismanni Briem. Þau bjuggu lengi á Ás-
geirsvöllum í Skagafirði, sem hún hafði tekið
í arf og lifir enn manni sínum í Reykjavík

Ritað í des. 1922.

Björn Sigfússon.

## Kæra, Stefáns Helgasonar.

Stefán heitinn Helgason, sem flæktist hjer víða
um Húnavatnssýslu, kærði eitt sinn Arnór
sál. Egilsson, myndasmið frá Hæli fyrir
það að Arnór tók mynd af honum, þar
sem hann lá í gubbu sinni illa til reika
þótti Sölva hann verða sjer til óhagræðis
í kvonbónamálum með tiltæki þessu, en
kæran er svona:

Háæruverðugi herra sýslumaður!

Nú með því að jeg er nýkominn af reisu
minni utan af Kvennaskóla hjer inn á Blönduós



þá þykist jeg vel samfærður um að Arnór nokkur
skitinntial og Egilsson hafi selt myndir af mjer
þvert ofan í heimild mína og móti öllum lögum
rjettvísinnar. Eftir þeirra sögusögn á Blöndu-
ósi, víst einar tvær út á Kvennaskóla og það þær
helvítis ómyndir, sem hafa gert mjer þann óleik
og ógreiða að spilla mínu málefni svo við Jung-
frúrnar að þeim mun ekki hafa þótt jeg hæfur
nje kirkjugrafur, og kenni jeg það einmitt þeim
dæmdis götu myndum sem illnefndur Arnór hefir
selt þar án míns leyfis að öllu leyti. Vil jeg
kunngera yður, herra sýslumaður, sem öðru góðu og
kristilegu yfirvaldi, að jeg er hæst óánægður yfir þess-
ari Arnórs sölu, þar sem hann hafði enga heimild
til þess, þá finst mjer hann ekki einungis hafa
gert mjer óbætanlegt tjón, smán og ergjur, heldur
líka hátigninni sem skapaði mig, þar myndirnar
eru ekki í líkingu við mitt góða andlit, eða neina
mannsmynd þar á, heldur eins og þær væru af
sjálfum fjandanum. Þar vildi jeg nú ráðfæra
mig við yður, herra sýslumaður minn, hvort okk-
ur finst ekki sanngjarnt það sem jeg sting
sjálfur uppá að þessi þokkapiltur og þrang-
ari borgaði mjer 50–150 kr. í skaðabætur, því

ad jeg veit það segist ekki ot svo lítið á
því að selja svona-lagaðar helvítis ómyndir
og ófreskjur og stórhneyksla svo mína eigin
mynd, ekki svo vel að fjandmaður þessi minn
og ómenni seldi þá ekki eina af þeim betri
myndum sem voru dáindis fallegar og til
sóma mjer, þar erindi mitt var út á kvenna
skóla að biðja mjer stúlku, en það var eins og
þær sæju sjálfan fjandann, og hálfít guðs-
mildi, að ein þeirra dauðrotaði sig ekki á
skólahurðinni, þegar hún þaut frá mjer
tistandi og bölvandi, og er það þessu stórver-
aldar hneyksli að kenna, því að annars
hefði jeg fengið fallegustu og ríkustu stúlk-
una á skólanum — það er jeg viss um — og
kanski meira til. Þá vil jeg biðja þig herra
sýslumaður, sem annað ágætt og rjettvíst
yfirvald mitt að dæma mannfjanda þenn-
an til þess að borga mjer refjalaust og af-
mennilega úti látið 150 kr. strax á Torfa-
lækjarhrepps manntalsþingi, því að jeg þarf
sjálfsagt herra góður þar að vera og líklega taka
betur til hans, helst skamma hann með
yðar leyfi, kæri velborni herra sýslumaður



þennan fjandans ómyndar og bölvunar mann
minn, Arnór, fyrir fáheyrða hrekki við mig
brúkaða í kvennamálum mínum og afstaðar
vegna ómyndanna. Ef hann ekki vill borga
mjer 150 kr. þá vil jeg, herra yfirvald mitt
að þjer skipið honum, þessum margnefnda
óþokka pilti að skaffa mjer 50 myndir, af þeim
góðu, sem voru mjer til sóma og virðingar, hjá
öllu guðlegu og góðu fólki — eins kvenfólki
líka og að jeg fái þær í almennilegum um-
búðum, frá þessum dáindisgóða og mjer velvilj-
aða eða hitt þó heldur, Arnóri prangara á Hæli.
Að endingu kveð jeg yður, herra sýslumaður, með
ást, elsku og virtingu og vinsemd og lifi yður
alít vel og óskum alls góðs, bæði hjer og síðar
meir þjenustusamlegast alít sálir.

~~Stefán~~ Sölvi Helgason.

Jeg set þetta brjef í klötin, og það væri rjett
ef þjer gegnið því ekki, herra sýslumaður, L.
Þ. Blöndal

St. Helgason.

bíðja þessa sama. — Og nú stoðaði ekkert nema
bíða hugrór hins síðsta hlutskiftis.

Hann kveið því ekki að deyja. Dauðinn var
í rauninni ekki ógilegur, enda ekkert hlut-
skifti mannanna jafn sjálfsagt og hann.

En dagsverkinu var ólokið, eiginlega ekki
byrjað. Hann var aðeins tvítugur. —

Það biltist þungan undir í sálu hans sú
metnaðarglóð að vilja skila stóru verki og
falla svo við gótan orðstír. —

Í æsku byggði hann sjer hverja framtíðarhöll-
ina annari glæsilegri. Hann ætlaði ekki að láta
föður sinn og móður sína baki brotna. Hann
hefði ekki ætlað þeim að gera neitt nema
rjett sem þau lysti og ganga út og inn um
þessar fögru hallir. Já, þá var lífið Para-
dís. — Og hvað honum gat þótt það fagurt þá
og þótt vont um alt og alla. Þá hefði hann
getað sem Hinrik Vergeland: „elskað og um-
faðmað allan heiminn, eins og hann væri
bróðir hans.“ — En nú? Nú voru borgirnar
hrundar og löndin auð“. — Nú átti „hann engan
bróður, enga systur, aðeins gamla og lúna for-
eldra af að ala sífelt önn fyrir honum, hefði



sem barni og nú sem sjúklingi um langan tíma.
Hann beitti viljamagni sínu til þess að hrinda af
sjer mestum þunga þessara hugsana. Reyndi
að skapa sjer ofurlítinn glaðheim nýrra
vona, en alstaðar var grimmur veruleikinn fyr-
ir hugarsjónum hans. —

Varlega strauk hann kaldan svitann af enni
sjer og mælti lágt: „Drottinn verði þinn vilji“.

Mögur hendi og stiltleg lyfti tjaldskörinni
með varúð. Hann vissi að komið var nær rismáli
og þá væri Elín móðir sín vön að koma í tjald-
ið.

„Góðan daginn, elsku drengurinn minn,“ og hún
kysti hann á ennið að vanda. „Góðan daginn,
mamma“. „Hefurðu getað sofið í nótt?“ „Já, vökk-
ið“. „Er þjer ekki of kalt?“ „Nei“. „Hefir hóst-
inn verið jafn sár og áður?“ „Ó, þetta líkur“.
„Heldurðu að hitinn sje ekkert minni?“ „Hann
er kanski ekki meiri.“

Þannig var hún vön að spyrja og margs ann-
ars, en hann svaraði með allri varúð. En þótt hann
segði hið minsta, las hugur hennar mikla fleira
en sagt var. Var henni því orðið ljóst hvernig
fara mundi, en báðum var þeim ofraun að tala

um það.—

Jeg kom nú hjerna með fáein blóm af þú kynnir að hafa gaman af. Þessi eru farin að fölna", og hún tók blóm-vönd úr glasi og bjetti hin nýju í staðinn. „Já, ekki held jeg að neitt fái nú núliflaldeim inni í hjerna", mælti hann, en þó meira sem við sjálfan sig.

Elín gekk í burtu eftir nokkra dvöl í tjaldinu. Stór tár fjellu niður um magra kinnina, þá hún fór frá tjaldinu. Hún brá svuntuhorninu í skyndi upp að augunum. Hún reyndi að sýnast hress, en drættirnir um hvarfis munninn og frá augunum niður með nefinu, báru þess vitni hverja baráttu hún háði, svo og augun. Sárast að merki þessi voru honum auðsæ en það varð eitthvað undan að láta, við það varð ekki ráðið. Hver andvökunótt heimtaði sitt og hver starfsfrekur dagur nokkuð. Hún var þess fullvís að hún var enginn harður klettur, aðeins öldruð bugnuð móðir, sem háði hólmgöngu fyrir alt dýrasta verðmæti lífs síns.

Hún vildi mega dvelja í tjaldinu öllum stundum. Mega vefja hann að brjósti sjer eins og þá hann var lítið barn. — Og var hann ekki



að verða lítið barn og ósjálfbjarga? Þurfti hann ekki að mestu sömu umönnun og þá? Og móðurtilfinningin var hennar einasta fórn. Hún vildi sitja hjá honum, þurka af honum svitann, strjúka hárið frá augunum, tala við hann. En svo voru aðrar skyldur og þarfir. Menn eru altaf tvískiftir, margskiftir fanst henni, og auðvitað var þetta samkvæmt þorska mannsgildisins að einskorða ekki hugann aðeins við eitt. Vafamál líka hvort honum liði nokkuð betur, þótt hún væri þar altaf. Mönnum væri kánske ekki vera að eiga sig sjálfa í sorginni að nokkru leyti.

Þórður gamli kom sjaldnar í tjaldið til sonar síns eftir að honum tók að þyngja. Hann fann til vanmáttar síns að bæta úr nokkru þar inni, fanst hann ekki hafa nein viðeigandi orð til þess að segja; sínum einung[is] svo naumur, þar sem hann vann að mestu inn að heyaflanum. — Bú hans hafði gengið mjög saman vegna veikinda kostnaðar, fyrst á Vífilstöðum og svo heima, og þegar hann var nú svifftur þessari einu ellistoð, gat orkað tvímælis hvort hann fengi í elli sinni gæti sjeð sjer farborða og Elínu. Og nú hafði gigtin gert sjer dælla

við bakið á honum en áður og farin að gerast áleitin við hægri mjöðmina.

Þórður gamli reiknaði til verðs hverja skepnu, er hann átti og hvern hlut. Ekki var það nú mikið, 2–3 þús. kr. skuldlaust og hvað sagði það svo, ef þau hjónin mistu heilsuna, þótt ekki væri nema annað, hvað þá bæði. Hann gekk þess ekki dulinn, að lítill myndi heyaflinn verða hjá sjer um haustið. Hann hafði aldrei frá því að hann var á fjelltasta skeiði reynt að vinna jafnmikið og nú. og dagana þann sem drengurinn hans fjekk hvíldina, stóð hann við orfið sitt miklu lengur en vant var, og sló miklu meira. Gigtin virtist vaxa vægari þenna daginn. En svo var sem einhver innri rödd segði: „Þú endist ekki að vinna svona, Þórður." Gigtin leikur þig þeim mun harðar á morgun. En hann hugsaði henni þegjandi þörfina. Og hugsunin sú, að hann yrði kanski mannaþurfi hafði aldrei ásótt hann svo ákaft og nú. Enda var nú ekki um að villast hvað snerti líf drengsins hans. Í dag stóð hann yfir moldum sínum hinstu vona með það.



En aldrei skyldi hann þó fara á sveitina. Ekki meðan hann gæti valdið orfinu. Lífið var þá – fanst honum – ófyrirgefanleg hefndargjöf og hryllilega tilgangslaust. Ekki samboðið rjettlátum guði að leggja það á sig. Hann gat þá lagt það á hina sem ekki nentu að vinna. Af vísu vildi hann ekki óska þess neinum til handa. En með sig bjóst hann þó við og vonaðist að yrðu einhver önnur úr-ræði en sveitin. Hver veit nema honum lánaðist fyr hvíldin undir þessum grasverði, er hann var að skafa. –

Loks gekk Þórður gamli í bæinn. Sól var löngu gengin til viðar. Nóttin vafði helgri blæju friðarins alt og alla. –

Þorkell yngri.

# Árið 1922.

Ingimundur gamli hefir undanfarin ár flutt stutt yfirlit yfir helstu viðburði síðustu ára, einkum veðráttu, fjenaðarhöld, verslun o. s. frv.

Jeg hefi því eftir ósk ritstjórans lofað að gefa stutt ágrip af því markverðasta frá þessu ári, og verður því hjer einkum miðað við eins og verið hefir hjer í sveitinni.

Veðráttan: Í árslok 1921 var kominn mikill snjór og því nær haglaust nitri í sveitum. Árið 1922 byrjaði eins og hitt skyldi við, og voru menn að taka hross á hús þessa daga – einkum hjer í útdalnum. Þann 5. jan. kom góð hláka, svo hrossajörð varð góð hjer í lágsveitum. Áður hafði verið góð jörð til hálsa og heiða, en við hláku þessa tók að miklu leyti fyrir hana. Fram til 9. jan. þiðnar mikið, en þó nokkuð risjótt, þó stillir til gerir blítviðri þann mánuð út með hægum hlákum. Svipuð tíð fram til miðs febrúar. Um miðjan febr. kólnar, gekk í austan átt, en má heita góð tíð þann mán. út og fram til miðs mars-



mánaðar. 14. mars er asahláka með rigningu. Ár í stórflóði og ryður sig. Gekk úr því í blítviðri til 24. s. m. Þá gerir norðan stórhríð og hríð næstu 2 daga. Þ. 26. hlýnar aftur með hægviðri og sólbráð. Sauðfje beitt allan þenna mánuð, nema í hríðarkastinu.

Nálægt 20. marsmán. byrjar silungsveiði í Friðmundarvatni upp ~~xxxx~~ um ís frá Forsæludal. Veiddist oft ágætlega og var þeirri veiði haldið áfram, þar til vötnleysti í maí.

Frá 5. apríl til páska, 16. s. m. eru allmikil frost og norðan kuldar. Úr páskum er blítviðri er haldast til fyrstu sumarhelgar.

Sauðfje slept á sumum bæjum í framdalnum um sumarmál og víðast tekið aftur þrátt fyrir vorkulda er byrjuðu úr 1. sumarhelgi.

Í annari viku sumars eru mikil frost, svo gluggar voru hjelaðir og lækir lagðir. Framan af maí voru oft kuldar og hríðarhraknigar framan af maí. Úr miðjum maí hlýnar heldur og fje slept af húsi. Lítið gróin jörð 20. maí. Júnímán. fremur kaldur og gróður mjög hægfara. Oft þurviðri. Í júlí byrjun hlýnar meir, þá fer hægt með grassprettu vegna þurka. Sjerstaklega er engi og

úthagi óvenju illa sprottin, en tún illa sprottin
Byrjað að slá 12 vikur af sumri, en óvíða þó fyr
en úr 13. sumarhelgi. Um túnaslátt óvenju góð
nýting og töður ágætlega verkaðar. Þurkar og góð
heyjatíð fram til 27. ágúst. Þá ~~byrjar~~ er rigninga-
kafli til 7. sept. en þó stöku þurkdagar, en
úr því koma þurkar. 10 þessa mán. byrja næt-
urfrost svo hörð, að gluggar eru hjelaðir og lagðir
pollar á morgni hverjum fram yfir þ. 20. sept.
Heiðavötn orðin nálega allögð 19. sept. Rjettar-
dagsnótt, 20. sept. snjógangur og frost. Ilt veður
rjettardaginn fyrri með norðan jeljagangi
Um 25. þ.m. ~~st~~ gengur til sunnanáttar og blíð-
viðra, er haldast þann mán., og ágætisveðrátta okt-
óbermánuð. Um mánaðamótin gerði snjó og kulda
svo að flestir tóku fje til hýsingar, þeir er ekki
voru búnir að því áður.

Snemma í nóv. þiðnaði aftur og gekk til ágætrar
veðráttu og hlýjinda, svo að sumir slepptu fje
aftur af húsi. Í des. er einnig ágætis veðrátta
og þessa mán. báða hægt að vinna að jarðabótum
Um jólin eru hag frost og hreinviðri. Sauðfje
liggur sumstaðar úti fram undir jól. Síðast tekið
fullorðið fje í Grímstungu 27. des.



Í landgæðum hefðu ór þiðnað við útileguna, og um
árslokin er allur fjenaður í haustholdum.
Árið kvaddi með góðviðrum og frosthægð. Yfirleitt
má það heita veðurblíðuár, þótt vorkuldar væru
til mikils skaða fyrir grasvöxt.

Fjenaðarhöld voru góð á þessu ári, einkum góð
lambahöld. Má þakka það þurviðr-
~~lambahöld~~ unum er hjeldust yfir sauðburðinn
og þótt vorkuldar hjeldust, var óvenjulítið um
vorhret, sem lömbum eru hættulegust. Víða var
mikið af tvílembdum ám. Sauðfje óvenju vænt
til frálags um haustið, dilkar með 1-2 k.g. í kjöt-
vigt fram yfir það venjulega, hjá sumum.

Sala og kaup á búfjenaði var lítil hjer í ~~sveit~~
síðastl. vor. Hæst vorverð á ám
55 kr. Gemlingum 37 kr. Kúm 400 kr. Haustverð á
ám 30-33 kr. Hross nálega óseljanleg. Um haustið
voru nokkur flutt til Englands. Verðið nálægt
150 kr. Einnig voru nokkur hross seld í um-
boðssölu til Danmerkur. Meðalverð á 3-8 vetra
hrossum 150 kr. Verð á 1. fl. ull 3.30 kr. hvert k.g.
Kjötverð 0.90 kr. k.g. Gærur 1.25 kr. k.g. Eftir
þessu verði gerðu dilkar til frálags frá 20-23 kr.
að meðaltali, þegar allt er reiknað.

Verðlag á útlendri vöru hafði lækkað nokkuð frá fyrra ári, einkum fyrri-hluta ársins, en yfirleitt mátti telja verslunina í hagstæða, ef miðað var við verð á innlendri.

Kaupgjald lækkaði nálega um $\frac{1}{3}$ frá f. á. Vinnumannakaup frá 400 – 500 kr. Kaup kvenna 200 – 250 kr. Kaupamenn höfðu um 40 kr. um viku. Kaupakonur 25 kr.

Heyfengur reyndist með rýrara móti, mest vegna þess að engi spruttu óvenju illa. Hin bestu flæðiengi í útdalnum nálega graslaus – og vita alls ekki sjáanleg. Helst heyjað á mýrum og flóum. Vallendis engi allvel sprottin sumstaðar í framdalnum.

Töðufengur í allgóðu meðallagi og töðuragætar til fóðurs, svo að bændur töldu þær jafnvel um $\frac{1}{4}$ betri að fóðurgildi miðað við árið á undan. Útthey reyndust fjett til fóðurs, er stafaði af því að mikið var heyjað á sinumýrum og flóum. Að líkindum hefir útheyfengur verið $\frac{1}{3}$ neðan við meðaltal. Fóðurforði búfjenaðar var þó allgóður, einkum hjá þeim er áttu miklar heyfyrningar, og voru þær miklar hjá sumum, einkum á útbeitarjörðum



Heilsufar var allgott á árinu. Farsóttir gengu ekki utan flekkusótt (Skarlatssótt) á nokkrum bæjum en fremur væg. Um haustið og árslokin fór þó að bera á vondri hálsbólgu, sömuleiðis kvefpest, er lagðist mjög þungt á börn.

Mannalát. Einn af elstu bændum sóknarinnar – Hallgrímur Jónsson á Hnjúki andaðist þ. okt. Var hann fæddur þar og uppalinn og hafði búið þar allan sinn bú-skap.

Þ. 3ja júlí andaðist sóknarpresturinn, Bjarni prófastur Pálsson í Steinnesi. Hafði hann þjónað Undirfellsprestakalli síðan 1907 ásamt Þingeyra og Blönduóssóknum. Settur prestur í hans stað var Þorsteinn B. Gíslason, Guðlaugssonar, bónda í Koti hjer í sveit. Fjekk löglega kosningu fyrir prestakallinu 26. nov. s. l.

Giftingar. Það fór sem Ingimundur gamli spáði í fyrra um giftingarnar, urðu þær óvanalega margar í sveitinni á þessu ári. Þ. 24. maí giftu sig Vigdís Björnsdóttir í Grímstungu og Eiríkur Halldórsson s. bd. Ingunn Hallgrímsdóttir í Hvammi og Ágúst B. Jónsson Hofi gift 9. júní Ólína Benidiktsdóttir Ási og síra Þorsteinn B. Gíslason gift 13. júlí. Jenný Jónsdóttir og Bjarni

Jónasson á Indriðastöðum gift 23. júlí.

Þegar litið er yfir árið í heild má segja að árferðið hafi verið allgott. Veðrátta mild yfir vetrar-mánuðina. Skepnuhöld góð og ýje vænt til frálags. Þótt verslun væri erfið, munu þó ýmsir heldur hafa minkað skuldir sínar, enda hafa flestir lagt lítið í kostnað og sparað sem mest kaup á vinnu og aðkeyptu efni til umbóta.

Það má því segja að heldur sje að rofa til á þessu ári fram úr fjárhagsörðugleikunum hjá almenningi og þótt lítlu hafi munað, gefur það þó nýja trú á framtíð landbúnaðarins og hinnar íslensku bændastjettar.

Ritað í apríl 1923

Ágúst B. Jónsson



# Vísubotnar

Óðum styttist leiðin löng
lífsins það er máli
hefir verið harla ströng
harmi með og gráti. Toggi.

Bragi kvað: Hún varð mínum stórlega ströng
stefnulausa báti.

Enn kvað hann: Átta jeg grát sem gleðisöng
gröfin þagna láti.

Skuggi kvað: Margra æfi er myrk og þröng
mölduð harm og gráti.

Bergljót kvað: Ódimörg var stundin ströng
er stjakaði alda báti.

Enn kvað hún: Oft er bölvuð eiturtöng
illa í fyrirsáti.

Nanna kvað: Illt er að lenda í ólánsþröng
og auðnuleysis fáti.

Skáld-Hrafn kvað: Gangan verður stundum ströng
stefnum beint með gáti.

Vandræðaskáld kvað: Verður stundum fátt um föng
þá fer jeg einn á báti.

Þorkell yngri kvað: Byrjar oft með æskusöng
en endar þrátt með gráti.

Máni kvað: Einn sem vildi efa söng
endaði með gráti.

Baldur kvað: Fái jeg enga spjaldaspöng
spring jeg máske af gráti.

Njáll kvað: Hresstu þig við sól og söng
þá svellur alda á báti.

Álfur kvað: Á útvegsmiðum þá er þröng
ef þorskhaus stýrir báti.

S. Þ. kvað: Storfjörn óm af sálmasöng
er sagt að Máni gráti

Gísli kvað: (fyrripartur.)
Oft var smátt um ferðaföng
og farið af stað með gráti. —



# Helgidagar

Það, sem bendir ótvírœðast á góða og mikla menningu hjá þjóðunum, er það hvernig þær varðveita trúarskoðanir sínar og gildandi landslög. Það eru hyrningarsteinar þeirra sem byggja á bjargi.

Meðal svo að segja allra þjóða og þjóðflokka eru dagar sem trúarbrögðin telja friðhelga. Þessa daga á maðurinn að taka ~~í [illegible] að taka~~ hvíld frá daglegum störfum og áhyggjum hversdagslífsins og safna andlegum og líkamlegum þrótti fyrir næsta starfstíma.

Vjer Íslendingar höfum fyrirmæli um helgidaga í trú og lögum, en því miður oft og tíðum fyrirmælin ein, því að helgidagarnir eru oft og tíðum teknir að óþörfu til hvers konar starfa, að-eins af þeirri einföldu ástæðu að margir hverjir finna ekki til friðhelgi þessara daga. Þeir finna aftur á móti þörf fyrir að gera margt sem hefir dregist að koma í framkvæmd, af því að þeir eru sjálfir slótar, er slæpast marga þá daga, sem oss er boðið að starfa en grípa svo þetta fallega úrræði að vinna yfir hvíldardaginn.

þeir menn eru að vísu til, er vinna á helgidag-
ana af því að vinnan er þeim nauðsyn, er þeir geta
ekki án verið, en slíkir menn eru svo sjaldgæfir
að helgidagavinnan hyrfi hjer um bil alveg, ef engir
störfuðu nema aðeins þeir ~~menn~~, sem eru orðnir
að hálfgerðum þjónum.

Það eru margir sem segja, að þeir hafi svo mikit
að gera, að þeir verði að nota hvíldardaginn til
vinnu.

„Mikið er um þig Magnús," stendur þar.
En hvernig fara svo þessir menn með tímann,
þegar þeim ber að nota hann? Þeir fara þá
oft illa með hann og kvarta ekkert um ann-
ríki. En þá eru þeir vísir að vernda einhverjar
helgari hugsjónir, en að lifa eftir boðorðum trúar
og laga.

Helgidaga-vinna er brot á því siðferðislög-
máli, er vjer ~~fáum~~ eigum að lifa eftir. Það er brot
á landslögum vorum og brot á lögmáli vorrar
eigin sálar. Samt er helgidagavinnan um hönd
höfð og sóknadólgarnir eru hróðugir yfir. Þeim
finst víst, að þeir sjeu að verða að starfsöm-
um og nýtum mönnum, sem eigin þjóðfjelagi
til upphefðar og sóma. En gætið að einu. Öll



brot hafa í för með sjer lítilsvirðingu á því sem
brotið er, og hvar erum vjer staddir, ef virðingin
fyrir trú vorri glatast?

Höfuðorsökin þarflausrar helgidagavinnu
er virðingarleysið sem komið er inn í þjóðarandann
fyrir þessum dögum, af þessu er löstur inn sprott-
inn, en ekki illvilja náungans.

Helgidagarnir eru ekki til á sumum bæjum
nema í almanakinu. Að vísu verður aldrei
komist hjá því að gera ekki neitt yfir helgi-
dagana, og vinna getur jafnvel verið nauðsynleg
þá, en alt sem gert er verður að vera unnið með
fullri virðingu fyrir helgideginum, og menn þess
þess með-vitandi að það sje gert af því að ekki
hafi verið komist hjá því að vinna.

Mörgum finst ekki viðeigandi að minnast á
aðrar þjóðir í sambandi við þetta mál, en jeg
ætla þó að taka lítinn samanburð á oss Íslend-
ingum og annari þjóð úr nágrenninu, og sýnir
það okkur þjóðarandann í báðum þessum löndum.
Samanburðurinn er á höfuðborg vorri og höfuð-borg
Englendinga, heims-borginni svokölluðu, sem er yfir 530.
sinnum stærri en Reykjavík hvað fólksfjölda snertir
en á tiltölulega mörgum sinnum minni bletti.

Göngum vjer eftir götum Reykjavíkur einhvern
helgidag, þá munum vjer sjá að alt er á ferð og flugi.
Fólkið er miklu fleira sem nú er á götunum en hina
daga vikunnar. Bílarnir þjóta hvásandi um bæinn.
Lífið er ein óstöðvandi hringrás. En yfir alt tekur þó
sköll og háreysti skrílsins. — Yfir helgidaginn ríkir
djúpur friður í Lundúnaborginni. Göturnar eru að
mestu auðar og tómar. Bílarnir ~~og~~ ~~[illegible]~~ Sporvagn-
arnir og önnur samgöngutæki borgarinnar eru
varla á ferð sem heitið getur. Jafnvel eimlestirnar
hafa hægt um sig, þær vilja ekki rjúfa kyrðina.
Heimsborgin mikla er í nokkurskonar dvala.
Þetta er munurinn á íslenskri trú og lög-
hlýðni og enskri trú og löghlýðni. Annarsvegar
eru menn sem búnir eru að tapa dýrmætustu
hnossum lífsins, virðingunni fyrir því háleita
og göfuga og virðingunni fyrir sinni eigin persónu.
Hinsvegar eru aftur menn með bjargfasta trú á göfgi
og eru líka miklir menn í orðsins fylsta skilningi.
Það er síður en svo að helgidögunum sje
best varið með algerðu iðjuleysi, sem hefur það til að
draga á eftir sjer slæma dilka. Nei, vjer þurfum
að fá andlega upplífgun, það verður að blása lífi
í sálina og sópa burt rykinu frá hversdagslífinu



svo vjer getum lyft oss úr duftinu upp fyrir hásæti
göfgisins. Og til þess eigum vjer að verja hvíldar-
dögunum.

Sigurður Þorsteinsson.